

# ÁRSSKÝRSLA

SKELJUNGS HF.

**2021**

# ÁRSSKÝRSLA
SKELJUNGS HF.
2021

## EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| Ávarp stjórnarformanns | **4** |
| Stjórn og stjórnarhættir | **5** |
| Ávarp forstjóra | **7** |
| Lykiltölur ársins 2021 | **8** |
| Ferðalagið og helstu áfangar 2021 | **10** |
| Umbreyttur efnahagur og nýtt hlutverk | **11** |
| **Eignasafnið:** | |
| Fjölorkufélagið Orkan IS | **14** |
| Skeljungur IS | **16** |
| Gallon | **18** |
| Sp/f Orkufelagið | **19** |
| Samfélagsábyrgð | **20** |

**Ársreikningur 2021**

**Sjálfbærniuppgjör 2021**



***„ Hálfnað verk þá hafið er!***

***Árið 2019 tókum við ákvörðun að umbreyta hefðbundnum rekstri olíufélags í fjárfestingafélag og nota þá þekkingu sem hefur skapast á þeim 93 árum sem Skeljungur hefur starfað sem grunn í vegferðina.***

***Árið 2021 hófum við vegferðina á fullum krafti.“***

**Jón Ásgeir Jóhannesson**

Stjórnarformaður.
Tók fyrst sæti í stjórn árið 2019.

Jón Ásgeir er stofnandi Bónuss, fjárfestir og ráðgjafi. Áður starfaði Jón sem forstjóri Haga. Hann hefur víðtæka reynslu af stjórnarstörfum en hann hefur sinnt stjórnarformennsku fyrir Haga og síðar Baug Group ásamt stjórnarstörfum fyrir Iceland Foods og Magazin du Nord, auk fjölda annarra innlendra félaga. Jón Ásgeir er einnig varamaður í stjórn 365 miðla hf.

# **Ávarp** stjórnarformanns

**2021 var árið sem aðgerðaplani var hrundið í framkvæmd en hornsteinn þess var lagður árið 2019.**

Það er spennandi ár að baki. Við sáum hlutina gerast sem við höfðum undirbúið frá árinu 2019. Þótt sala á Magn beri þar hæst var auk þess lagður grunnur að framtíðaraukningu á verðmætum í eignum félagsins. Innlendri starfsemi félagsins var skipt upp í þrjú dótturfélög. Þótt ekki séu liðnar margar vikur frá því uppskiptingin var framkvæmd þá finnum við strax kraftinn sem er að leysast úr læðingi vegna hennar. Ég hef oft sagt við samstarfsmenn mína í Skeljungi að ég hafi orðið syfjaður við að koma á skrifstofu félagsins árið 2019. Andinn var líkur því að mæta á fund í ríkisstofnun í gamla daga. Nú er andinn annar. Leikgleðin er allsráðandi í hópi frábærra starfsmanna sem ætla sér að skora með sínu liði á nýju ári.

### Metár í afkomu

Rekstur félagsins gekk vel bæði á Íslandi og í Færeyjum. Við bættist söluhagnaður vegna sölu á Magn í Færeyjum upp á 6,9 milljarða eftir skatta. Á árinu tókst að bæta rekstur á Íslandi og sýna fram á umframverðmæti í eignum félagsins. Ber þar hæst eignarhluturinn í Færeyjum og fasteignasafn félagsins. Á árinu 2021 undirritaði Skeljungur undanfarasamning um sölu á 13 af 27 fasteignum og lóðum. Þeim viðskiptum verður lokið á fyrsta ársfjórðungi 2022. Félagið fór inn á ný svið í rekstri á Íslandi. Allt hlutafé Löðurs var keypt og félagið eignaðist meirihluta hlutafjár í Lyfsalanum sem keypti Lyfjaval. Þessar fjárfestingar munu styrkja þjónustulóðir Orkunnar til muna og þá vegferð félagsins að bjóða þjónustu á þeim sem fólk sækist eftir. Þar má nefna nýjungar í sölu í gegnum bílalúgur á stöðum Orkunnar. Nú er hægt að kaupa lyf, mat frá Joe and the Juice eða brauðmeti frá Brauð & Co - í gegnum bílalúgur á starfsstöðvum Orkunnar. Þá sjáum við fram á að fólk sæki vörur sem keyptar hafa verið á netinu á þjónustulóðum okkar í auknum mæli. Stórbætt þjónusta við stórnotendur er í undirbúningi, sem m.a. mun felast í því að þeir geti notað snjalllausnir í viðskiptum sínum.

### Skeljungur verður SKEL fjárfestingafélag

Á komandi aðalfundi verður lagt fyrir stjórn félagsins að breyta nafni félagsins úr Skeljungi í SKEL fjárfestingafélag. Með þessu undirstrikum við þær breytingar sem orðið hafa á rekstri félagsins. Skeljungsmerkið fer þó ekki langt því það verður nafn eins af dótturfélögum SKEL sem sér um þjónustu við stórnotendur. Orkan verður nafnið á smásöluhluta félagsins og Gallon nafnið á félaginu sem rekur birgðageymslur. Önnur félög munu einnig hafa áhrif á efnahag félagsins og má þar helst nefna Orkufélagið í Færeyjum, eignarhlut í Kaldalóni og Fasteignarþróunarfélaginu í samstarfi við REIR. Hvað varðar frekari fjárfestingar þá munum við í fyrstu horfa til þess að styrkja núverandi eignir ásamt því að leita eftir fjárfestingum í félögum sem nýta sér snjalltækni og nýjar hugmyndir í sölu á vöru og þjónustu. Við viljum vera leiðandi í því að einfalda lífið fyrir fólkið í landinu.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki, stjórnendum, stjórn og hluthöfum fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Með bestu kveðjum,

# **Stjórn Skeljungs** og stjórnarhættir



**Birna Ósk Einarsdóttir**

Varaformaður.
Tók fyrst sæti í stjórn árið 2015.

Birna Ósk Einarsdóttir er framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs APM Terminals. Áður starfaði Birna sem framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Icelandair. Þá var hún framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar. Áður var hún framkvæmdastjóri yfir sölu- og þjónustusviði Símans en þar stýrði hún einnig einstaklingssviði um skeið.

Birna er með meistaragráðu í stjórnun og stefnumótun frá HR og BS-gráðu í viðskiptafræði frá HÍ.



**Þórarinn Arnar Sævarsson**

Meðstjórnandi.
Tók fyrst sæti í stjórn árið 2019.

Þórarinn er sérleyfishafi Remax á Íslandi og eigandi og stjórnarmaður fjárfestingarfélaganna Loran ehf., RPF ehf. og IREF ehf. Hann býr yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði sjávarútvegs og af fasteignamarkaði, tengt kaupum, sölum, umbreytingu og þróun fasteigna, auk fjárfestingarverkefna í ráðgjafarfyrirtækjum, nýsköpunarfyrirtækjum og tæknifyrirtækjum. Þórarinn stóð fyrir stofnun fasteignasölukeðju á Íslandi og erlendis.

Þórarinn er löggiltur fasteignasali og leigumiðlari en ásamt því hefur hann próf frá Vélskóla Íslands og Skipstjórnarskólanum, auk flugnáms.



**Nanna Björk Ásgrímsdóttir**

Meðstjórnandi.
Tók fyrst sæti í stjórn árið 2021.

Nanna Björk er fjárfestir en hún hefur verið í eigin fjárfestingum frá 2006. Hún hefur komið að rekstri fjölmargra verslana, bæði hér heima og erlendis, ýmist sem eigandi og fjárfestir eða stjórnandi, t.d. All Saint, Whistles, Karen Millen, Shoe Studio og Warehouse. Þá starfaði hún hjá Kaupþing Bank, Corporate Finance við almenn lögfræðistörf 2001-2003 og á Lex lögmannsstofu við almenn lögfræðistörf 1999-2000.

Nanna Björk er með LLM-meistaragráðu í Evrópurétti frá Háskólanum í Stokkhólmi og embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands.



**Sigurður Kristinn Egilsson**

Meðstjórnandi.
Tók fyrst sæti í stjórn árið 2021.

Sigurður er stofnandi Arcur Finance sem sérhæfir sig m.a. í fjármögnun fyrirtækja ásamt ýmsum sérhæfðum verkefnum. Frá 1998-2007 starfaði hann á eignastýringasviði Kaupþings banka og á eignastýringasviði bankans erlendis á árunum 2007-2010 þar sem hann leiddi uppbyggingu á alþjóðlegu sjóðasviði fyrir fagfjárfesta. Sigurður var í forstöðu fyrir eignastýringu og sérhæfða sjóði hjá ALM Verðbréfum á árunum 2010-2016 . Þá hefur hann setið í stjórn Meniga fyrir hönd fjárfesta. Sigurður er stjórnarformaður NeckCare Holding ehf.

Sigurður útskrifaðist sem véla- og iðnaðarverkfræðingur frá Háskóla Íslands og er auk þess með löggildingu í verðbréfaviðskiptum.

### Mæting stjórnarmanna á stjórnarfundi og undirnefndarfundi stjórnar:

| STJÓRNARMAÐUR | TÍMABIL | STJÓRN | ENDURSKOÐUNARNEFND | STARFSKJARANEFND |
|---|---|---|---|---|
| Jón Ásgeir Jóhannesson | 04.03.21 - 08.02.22 | 31 | - | 5 |
| Birna Ósk Einarsdóttir | 04.03.21 - 08.02.22 | 31 | 9 | - |
| Nanna Björk Ásgrímsdóttir | 04.03.21 - 08.02.22 | 31 | - | - |
| Sigurður Kristinn Egilsson | 04.03.21 - 08.02.22 | 31 | - | 5 |
| Þórarinn Arnar Sævarsson | 04.03.21 - 08.02.22 | 31 | 9 | - |

Stjórn og stjórnendur Skeljungs hf. leggja ríka áherslu á að í starfsemi félagsins séu góðir stjórnarhættir hafðir að leiðarljósi. Góðir stjórnarhættir eru að mati stjórnar og stjórnenda undirstaða trausts og ábyrgrar stjórnunar en hvort um sig stuðlar að vandaðri ákvarðanatöku og góðum samskiptum milli hluthafa, stjórnar, starfsmanna og annarra hagaðila félagsins.

**Óhætt er að segja að störf stjórnar hafi litast af nokkrum stórum verkefnum á starfsárinu, þ.e. að fylgja eftir niðurstöðum stefnumörkunar um uppskiptingu Skeljungs, sölu dótturfélagsins P/F Magn í Færeyjum og að hefja sölu á verulegum hluta fasteigna félagsins.**

Eins og gefur að skilja hafði COVID-19 faraldurinn mikil áhrif á störf og starfshætti stjórnar félagsins. Í árangursmati kom fram að stjórn var almennt ánægð með viðbrögð og starfsemi félagsins tengd COVID-19 en eðlilega hafi tíma stjórnar og stjórnenda að miklum hluta verið varið í viðbrögð við faraldrinum.

Í tilkynningum frá Skeljungi hefur m.a. komið fram að stjórn Skeljungs hafi ákveðið að skerpa á áherslum í rekstri með uppskiptingu og stofnun þriggja nýrra og sjálfstæðra dótturfélaga um i) starfsemi á einstaklingssviði, ii) starfsemi á fyrirtækjasviði og iii) starfsemi birgðastöðva. Ákvörðun stjórnar var háð samþykki hluthafa sem samþykktu uppskiptinguna á hluthafafundi 7. október, sbr. tilkynningu þar um þann sama dag.

Uppskiptingin kom til framkvæmda í desember 2021 og hafa þrjú sjálfstæð dótturfélög Skeljungs hf. tekið til starfa. Skeljungur hf. verður móðurfélag rekstrarfélaganna og munu verkefni þess í auknum mæli snúa að stýringu eignarhluta í rekstrarfélögunum auk annarra fjárfestinga eftir atvikum. Skeljungur hf. verður áfram skráð félag á hlutabréfamarkaði.

### Endurskoðun skipulags og stjórnarhátta

Við uppskiptingu félagsins og stofnun dótturfélaganna þriggja hefur skipulag og stjórnarhættir á samstæðugrunni verið til endurskoðunar, þar á meðal heimfærsla stjórnarhátta samstæðunnar í heild til samræmis við leiðbeiningar VÍ um góða stjórnarhætti. Stjórnarmenn móðurfélagsins skipa stjórnir dótturfélaganna þriggja og situr forstjóri móðurfélagsins fundi stjórna dótturfélaganna. Verkefni undirnefnda stjórnar móðurfélagsins ná enn fremur til starfsemi dótturfélaganna þriggja og innri stefnur og reglur móðurfélagsins gilda um starfsemi þeirra eftir því sem við á.

Stjórnarhættir á samstæðugrunni verða áfram rýndir í ljósi nýrrar stefnu félagsins og samhliða innleiðingu á henni. Þá verða innri stefnur félagsins rýndar og uppfærðar eftir atvikum og innleiddar á samstæðugrunni, til samræmis við nýja stefnu félagsins og siðareglur sem samþykktar voru á árinu. Annað regluverk sem lýtur að stjórnarháttum verður enn fremur rýnt og uppfært þar sem við á.

*Sjá nánari og ítarlegri upplýsingar um störf stjórnar á síðasta starfsári í stjórnarháttaryfirlýsingu í ársreikningi félagsins.*

*„Við sölu fasteigna, eignarhluta í Magn og rekstrarlega uppskiptingu verður til sterkt móðurfélag með góðar eignir í eignasafni sínu og talsverða fjárfestingargetu.*

*Áherslan verður á að styrkja núverandi rekstrarfélög auk annarra fjárfestinga.“*



*„ Samhliða skipulagsbreytingum og mjög stórum verkefnum tókst samstæðunni að skila bestu EBITDA-afkomu frá upphafi.*

*Skeljungur skilaði mesta hagnaði í sögu félagsins eða rúmlega 6,9 milljörðum króna."*



**Ólafur Þór Jóhannesson**
Forstjóri Skeljungs

# **Ávarp** forstjóra

**Nýir og spennandi tímar fram undan í kjölfar mikilla umbreytinga**

Þegar litið er yfir árið 2021 kemur fyrst upp í hugann mikil ánægja og stolt af þeim árangri sem náðist á árinu. Samhliða skipulagsbreytingum, sölu dótturfélagsins P/F Magn í Færeyjum og rekstrarlegri uppskiptingu með stofnun þriggja dótturfélaga tókst samstæðunni að skila bestu EBITDA-afkomu frá upphafi. Þá skilaði Skeljungur mesta hagnaði í sögu félagsins eða rúmlega 6,9 milljörðum króna.

Afkoma ársins var góð og batnaði verulega milli ára, einkum af áframhaldandi starfsemi samstæðunnar á Íslandi. Rekstur Löðurs og Dælunnar varð hluti af samstæðu Skeljungs frá og með 1. ágúst. Lyfsalinn, sem er 58% í eigu Skeljungs, keypti Lyfjaval sem m.a. rekur bílaapótekið í Hæðasmára. Rekstur Lyfsalans kom inn í samstæðuna á fjórða ársfjórðungi samhliða viðbótarfjárfestingu okkar í Lyfsalanum. Með þessum nýju félögum höfum við fjölgað tekjustoðum, aukið fjölbreytileika og styrkt félagið til framtíðar.

Stór skref voru stigin í umbreytingu á félaginu á liðnu ári. Í fyrsta lagi heppnaðist salan á Magn mjög vel samhliða endurfjárfestingu okkar í nýju móðurfélagi félagsins.

**Þá stofnuðum við þrjú dótturfélög sem eru að fullu í eigu félagsins, þ.e. Orkan IS ehf., félag í smásölu , Skeljungur IS ehf., sala til fyrirtækja og heildsala og Gallon ehf., rekstur birgðastöðva. Uppskiptingin kom til framkvæmda þann 1. desember 2021. Rekstur þessara félaga fer mjög vel af stað en með uppskiptingunni teljum við okkur ná að skerpa vel á áherslum í rekstri.**

Vinna við frágang á sölu fasteigna stendur yfir en með sölu þeirra mun Skeljungur eignast hlutafé í Kaldalóni hf. og fasteignarþróunarfélagi með Reir. Stefnt er að því að ljúka þeim viðskiptum á fyrsta ársfjórðungi 2022.

Við sölu fasteigna, eignarhluta í Magn og rekstrarlega uppskiptingu verður til sterkt móðurfélag með góðar eignir í eignasafni sínu og talsverða fjárfestingargetu. Áherslan verður á að styrkja núverandi rekstrarfélög auk annarra fjárfestinga.

Tillaga um að breyta nafni félagsins í SKEL fjárfestingafélag fer fyrir aðalfund 2022. Það eru því nýir og spennandi tímar framundan hjá félaginu og dótturfélögum þess.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka starfsfólki samstæðunnar fyrir framlag sitt í þessum stóru verkefnum.

Með bestu kveðjum

Ólafur Þór Jóhannesson

# **Lykiltölur** ársins 2021

### FRAMLEGÐ




### EBITDA




### HEILDARHAGNAÐUR




### **HANDBÆRT FÉ** FRÁ REKSTRI




### **NIBD** ÁN LEIGUSKULDB. (MA)




### NIBD/EBITDA*




*Pro-forma: Rekstur í Færeyjum innifalinn

## LANDFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR 12M

### 2021 12M

### ÍSLAND

### FÆREYJAR

FRAMLEGÐ










EBITDA










## ÁRSFJÓRÐUNGSLEG EBITDA Í MILLJÓNUM






# **Lykiltölur** ársins 2021

## REKSTRARNIÐURSTAÐA 2021

| MILLJÓNIR I ISK | 2021 12M | 2020 12M | Δ |
|---|---|---|---|
| **FRAMLEGÐ** | **10.459** | **9.454** | **1.005** |
| Aðrar tekjur | 365 | 323 | 43 |
| Laun og launatengd gjöld | -3.876 | -4.047 | 171 |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | -2.483 | -2.407 | -77 |
| Annar kostnaður | -800 | -647 | -153 |
| **EBITDA** | **3.665** | **2.676** | **989** |
| **EBIT** | **2.245** | **1.369** | **877** |
| Vextir nettó | -568 | -301 | -267 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | -153 | -88 | -65 |
| Skattar | -297 | -188 | -109 |
| **Afkoma af áfrh. starfsemi** | **1.227** | **791** | **436** |
| Áhrif Magn | 5.704 | 295 | 5.409 |
| **HEILDAR HAGNAÐUR** | **6.932** | **1.087** | **5.845** |
| EBITDA hlutfall | 35,0% | 28,3% | |
| EBIT hlutfall | 21,5% | 14,5% | |
| OPEX/framlegð | -65,0% | -71,7% | |

## EFNAHAGSREIKNINGUR 2021

| MILLJÓNIR I ISK | 31.12.2021 | 31.12.2020 | Δ |
|---|---|---|---|
| Óefnislegar eignir | 3.326 | 4.629 | -1.302 |
| Rekstrarfjármunir | 9.183 | 11.264 | -2.081 |
| Leigueignir | 1.617 | 1.682 | -65 |
| Hlutdeildarfélög og langtímakröfur | 3.574 | 551 | 3.023 |
| **FASTAFJÁRMUNIR** | **17.699** | **18.125** | **-426** |
| Birgðir | 3.700 | 2.705 | 995 |
| Kröfur | 3.310 | 3.373 | -63 |
| Veltufjárhlutabréf | 0 | 223 | -223 |
| Handbært Fé | 8.265 | 1.078 | 7.187 |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | **15.275** | **7.378** | **7.897** |
| **EIGNIR SAMTALS** | **32.975** | **25.503** | **7.471** |
| **EIGIÐ FÉ** | **16.448** | **9.921** | **6.527** |
| Tekjuskattsskuldbinding | 30 | 392 | -362 |
| Leiguskuldbindingar | 1.783 | 1.820 | -37 |
| Vaxtaberandi skuldir | 8.611 | 8.606 | 5 |
| Viðskiptaskuldir | 2.442 | 2.448 | -6 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 3.368 | 2.105 | 1.263 |
| Annað | 293 | 212 | 81 |
| **SKULDIR SAMTALS** | **16.527** | **15.582** | **944** |
| **EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS** | **32.975** | **25.503** | **7.471** |

| MILLJÓNIR I ISK | 31.12.2021 | 31.12.2020 | Δ |
|---|---|---|---|
| Hreint veltufé | 1.201 | 1.525 | -325 |
| Nettó Vaxtaberandi skuldir | 346 | 7.305 | -6.959 |
| Eiginfjárhlutfall | 49,9% | 38,9% | |
| Veltufjárhlutfall | 1,30 | 0,94 | |

Pro-forma: Rekstur í Færeyjum innifalinn

# **Ferðalagið**
## Helstu tíðindi og áfangar 2021

Skeljungur hf. hefur verið rekið sem olíufélag frá árinu 1928 eða í 93 ár. Eftir að nýir hluthafar komu að félaginu árið 2019 var farið í að skerpa á framtíðarsýn þess. Aukin áhersla var lögð á arðsemi og minnkandi vægi eldsneytis til að styrkja stoðir grunnrekstrar félagsins.

Árið 2020 var nýrri stefnu hrundið í framkvæmd og gengið var frá kaupum á Löðri og hlutum í Gló, Brauð & Co. og Lyfsalanum. Lóðir voru endurskipulagðar með markmiðum um betri nýtingu og verslunarrekstur var endurskipulagður.

Ákvörðun hluthafa um stofnun þriggja dótturfélaga á grunni núverandi rekstrar sem og sala á fasteignum og dótturfélaginu P/F Magn stuðlaði enn frekar að hagkvæmari rekstri og umbreytti efnahag félagsins.

Árið 2021 skilaði félagið mesta hagnaði frá upphafi. Það má rekja til söluhagnaðar af sölu P/F Magn, viðsnúnings á rekstri á Íslandi og fjölgunar tekjustoða þess. Í upphafi ársins 2022 er handbært fé félagsins 12 milljarðar og vaxtaberandi skuldir aðeins tveir milljarðar.




**2019**

**Nýir hluthafar** skerpa á framtíðarsýn

Aukin áhersla á arðsemi

Minnkandi vægi eldsneytis

Góður grunnur núverandi reksturs til að byggja á

**2020**

**Nýrri stefnu** hrint í framkvæmd

Kaup á Löður, Gló, Brauð & Co. og Lyfsalanum

Endurskipulagning á nýtingu lóða

Endurskipulagning verslunarreksturs

**2021**

**Umbreyting efnahags**
í framhaldi af ákvörðunum hluthafa

Stofna þrjú dóttufélög á grunni núverandi reksturs (1. desember 2021)

Sala fasteigna á lokametrunum

Magn selt (31. desember 2021)

**2022**

**Skeljungur verður SKEL** fjárfestingafélag

Framtíð byggð á núverandi eignum

Fjárfestinga 'spectrum' útvíkkað

### ÁFANGAR Á ÁRINU:

- Dótturfélagið P/F **Magn í Færeyjum** var selt
- Rekstur **Löðurs** og **Dælunnar** í samstæðunni frá og með 1. ágúst
- Skeljungur eignaðist **58% eignarhlut í Lyfsalanum** - í samstæðunni frá og með 1. október
- Skeljungur **kolefnisjafnar allan rekstur sinn** á Íslandi
- **Nýr sjálfsafgreiðslubúnaður** tekinn í notkun á þjónustustöðvum Orkunnar
- Nokkrum þjónustustöðvum Orkunnar **umbreytt úr verslunum yfir í samstarf með þriðja aðila**: s.s. Joe & Juice og Brauð & Co.
- Skeljungur öðlast **gæðastjórnunarkerfi fjögurra rekstrareininga** vottuð út frá ISO 9001 og ISO 14001: Eldsneytisdreifing í Vestmannaeyjum, Akureyri, Eskifirði og Ísafirði.
- Olíubirgðastöðin í Örfirisey öðlast **ISO 14001 umhverfisvottun**. Stöðin hefur áður fengið ISO 9001 gæðavottun árið 2019 og hlotið endurvottun í desember 2020.
- Skeljungur öðlast áframhaldandi **jafnlaunavottun**. Óútskýrður launamunur kynjanna er 3% sem er innan þess markmiðs sem Skeljungur hefur sett sér.
- Rekstur færður úr Skeljungi í **þrjú dótturfélög** frá og með 1. desember 2021.

# **Umbreyttur** efnahagur og nýtt hlutverk

Í tilkynningu frá Skeljungi 9. september 2021 kom fram að stjórn félagsins hefði til viðbótar við stofnun þess utan um rekstur og útleigu á birgðastöðvum í eigu félagsins ákveðið að skerpa enn frekar á áherslum í rekstri með uppskiptingu og stofnun tveggja nýrra og sjálfstæðra dótturfélaga um annars vegar starfsemi á einstaklingssviði og hins vegar starfsemi á fyrirtækjasviði.

Ákvörðun stjórnar var háð samþykki hluthafa sem samþykkti uppskiptinguna á hluthafafundi 7. október 2021, sbr. tilkynning þar um þann sama dag.

Uppskiptingin kom til framkvæmda þann 1. desember 2021 og hafa þrjú sjálfstæð dótturfélög Skeljungs hf. tekið til starfa. Þau eru Orkan IS, Skeljungur IS og Gallon.

Markmiðið er að skerpa á áherslum í rekstri. Skeljungur hf. er nú móðurfélag rekstrarfélaganna og munu verkefni þess í auknum mæli snúa að stýringu eignarhluta í rekstrarfélögunum auk annarra fjárfestinga eftir atvikum.

Við sölu fasteigna, eignarhluta í Magn og rekstrarlegrar uppskiptingar varð til sterkt móðurfélag með mikla fjárfestingargetu. Áherslan er á að styrkja núverandi rekstrarfélög auk annarra fjárfestinga.

Skeljungur hf. er áfram skráð félag á hlutabréfamarkaði. Tillaga liggur fyrir hluthafafundi Skeljungs hf. þann 10. mars um breytingu á nafni félagsins í SKEL fjárfestingafélag.

SKEL

100%
**ORKAN IS**
Smásala - B2C

100%: Extra, 10-11, Löður, Gló

Íslenska vetnisfélagið 90%
Lyfsalinn og Lyfjaval 58%
Brauð & Co. 38%
Wedo 25%
*verður 33%: 1F 22*

100%
**SKELJUNGUR IS**
B2B

Barkur 66%
EAK 33%
Fjölver 33%
Ecomar 67%
*Kemur inn: 1F 22*

100%
**GALLON IS**
Birgðargeymslur

EBK 33%
Tollvörugeymslan 100%

48%
**SP/F ORKUFELAGIÐ**
Heildarorkulausnir Færeyjum

20%
**KALDALÓN**
Fasteignir

50%
**REIR**
Fasteignaþróun

*Áætlað inn: 1F 22*

## FJÖLDI STARFSFÓLKS OG STARFSSTÖÐVA

Miklar breytingar hafa orðið á starfmannafjölda Skeljungs á árinu. Þann 1. janúar 2021 var hætt að reka Basko hf. sem dótturfélag Skeljungs og runnu félögin saman. Við það jókst starfsmannafjöldi Skeljungs og miklar breytingar urðu á samsetningu starfsfólks, kynjahlutfalli, starfsaldri og meðalaldri starfsfólks.

Fjöldi starfstöðva voru í janúar byrjun 2021 **28** og starfsfólk um **300** en á árinu hafa rekstrareiningar verið endurskoðaðar, leigðar undir annars konar starfsemi eða lokað.

Í lok nóvember voru starfsstöðvarnar 21 og fjöldi starfsfólks 220.

**FYRIR SAMRUNA:**

Skeljungur: 90
Meðalaldur 47,55
Meðalstarfsaldur 8,87

BASKO: 207
Meðalaldur 27,49
Meðalstarfsaldur 2,84

**EFTIR SAMRUNA 01.01.21:**

Skeljungur: 297
Meðalaldur 33,58
Meðalstarfsaldur 4,66

**LOK NÓVEMBER 2021:**

**220** STARFSFÓLK
**21** STARFSSTÖÐ

# **Fjölorkufélagið**
# Orkan IS



ORKAN IS tók til starfa 1. desember 2021.

Vörumerki hennar eru: Orkan, Löður, Gló, Lyfsalinn, Lyfjaval, 10-11, Extra og Íslenska vetnisfélagið. Þá á Orkan hlut í Brauð & Co., Wedo (Heimkaupum) og Sbarro.

Markmið Orkunnar IS er að skapa þjónustustöðvar og verslanir sem þjóna viðskiptavinum okkar á snjallan, hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Orkan hefur sýnt frumkvæði og leitt ýmsar nýjungar til að einfalda lífið svo sem apótek í lúgu hjá Lyfsalanum og Lyfjavali, bakarí í lúgu hjá Brauð & Co., fyrsta Joe & the Juice stað í heiminum með lúgu og fyrstu Bæjarins Beztu lúgu landsins.

Auk þess bætti Orkan við ýmsum nýjungum á árinu 2021 til að einfalda líf viðskiptavina, t.d. með því að taka á móti jólapappír og garðaúrgangi til endurvinnslu. Orkan mun halda áfram á þessari vegferð á árinu 2022 og leita að fleiri leiðum til að stytta viðskiptavinum sporin og nýta hentugar staðsetningar stöðvanna.

**Starfandi forstjóri Orkunnar IS er Ólafur Þór Jóhannesson**




**„ Markmið Orkunnar er að skapa þjónustustöðvar og verslanir sem þjóna viðskiptavinum okkar á snjallan, hagkvæman og umhverfisvænan hátt.“**




**16.300**
AFGREIÐSLUR Á DAG

**70** SJÁLFSAFGREIÐSLUSTÖÐVAR

**9** HLEÐSLUSTÖÐVAR ON ORKA NÁTTÚRUNNAR

**2** VETNISSTÖÐVAR

**1** METANSTÖÐ

**7** VERSLANIR Á ORKUSTÖÐVUM

**3** LYFSALINN

**3** Lyfjaval Apótek

**3** 10-11

**3** EXTRA

**1** gló

**16** BÍLAÞVOTTASTÖÐVAR (Löður)

„Hlutverk okkar snýst um að einfalda líf fólks. Við bjóðum orku fyrir kroppinn, heimilið og farartækið.“

## Fleiri vinir
= betri þjónusta

Á árinu eignaðist Orkan enn fleiri vini með auknu samstarfi en með því getum við boðið viðskiptavinum upp á fjölbreyttari lausnir og betri þjónustu.
















## **Nýtum Orkuna** í góðu málin

Orkan skilar framlagi viðskiptavina sinna til **Votlendissjóðsins** sem nýtir fjármunina til endurheimtar votlendis. Þeir viðskiptavinir sem hafa skráð sig í kolefnisjöfnuð viðskipti hjá Orkunni hafa kolefnisjafnað sem samsvarar **36.022.951 kr.*** frá upphafi.

*samtals í lok árs 2021

**Orkumótið** í Eyjum er árlegt knattspyrnumót 6. flokks drengja. Verkefnið er samstarfsverkefni á milli Skeljungs og ÍBV. 1200 drengir keppa á mótinu ár hvert!

Í gegnum árin höfum við safnað, með hjálp viðskiptavina okkar, yfir **13 milljónum** króna handa **Bleiku slaufunni.**

Orkan og **Terra** hafa staðið að ársíðabundnum tilraunaverkefnum með það að markmiði að aðstoða fólk við að flokka rusl og nýta til þess staðsetningar Orkunnar - mikill áhugi fólks er á verkefninu.

# **Skeljungur** IS

**Skeljungur IS tók til starfa 1. desember 2021.**

Þá var starfsemi fyrirtækjasviðs Skeljungs færð til félagsins sem er einkum sala og þjónusta við fyrirtæki, dreifing, innkaup og heildsala á eldsneyti, smurolíum, hreinsi- og efnavörum, áburði sem og öðrum vörum og þjónustuþáttum til fyrirtækja og bænda.

Þjónusta og sala til stórnotenda, til útgerða, í flug og verktöku er einnig hluti af starfseminni.

Skeljungur IS er enn fremur umboðsaðili Shell á Íslandi auk þess að fara með eignarhald í Barki, EAK og Fjölveri.

**Framkvæmdastjóri Skeljungs IS er Þórður Guðjónsson.**




*„Hlutverk Skeljungs er að þjóna orkuþörf fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við samfélag og umhverfi“*



## Hlutverk og áherslur:

- Sala og þjónusta við fyrirtæki: dreifing, innkaup og heildsala
- Umboðsaðili **Shell** á Íslandi
- Eignarhald í **Barki**, **EAK** og **Fjölveri**
- Aukin áhersla á Shell-vörur og sölu og þjónustu á netinu
- Flytur í Skútuvoginn í apríl 2022
- **Ecomar** keypt - vöruframboð aukið í átt að heildarlausn til viðskiptavina

**1000+** TONN
HEILDSALA OG DREIFING

**51**
44 KARLAR
7 KONUR

**248**
AFGREIÐSLUR DAGLEGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| **27** BÁTADÆLUR | **25** EINKADÆLUR | **1.000** EINKATANKAR | **5** DÍSELSTÖÐVAR |
| **3.860** VIÐSKIPTAVINIR | **6** FLUGVELLIR Í ÞJÓNUSTU | **6** STARFSSTÖÐVAR | **280** millj. ELDSNEYTISLÍTRAR |

### Viðskiptavinir

SKIP
FLUGVELLIR
FLUTNINGSAÐILAR
VERKTAKAR
IÐNAÐUR
LANDBÚNAÐUR
SMÁSALA
HEILDSALA

### Vöruframboð

- **Eldsneyti**
- **Smurefni**
- **Efnavörur**
- **Bílavörur**
- **Áburður**
- **Hreinsivörur (Ecomar)**

# **Gallon** ehf.

Gallon ehf. tók til starfa 1. desember 2021. Það var stofnað utan um þá starfsemi Skeljungs sem sneri að rekstri birgðastöðva um land allt ásamt rekstri birgðastöðva á flugvöllum. Í því felst m.a. móttaka birgðaskipa, afgreiðsla til skipa og í olíubíla. Gallon fer með eignarhald í EBK og Tollvörugeymslunni.

**Framkvæmdastjóri Gallons ehf. er Már Erlingsson.**



GALLON

- Móttaka, geymsla og afgreiðsla eldsneytis úr birgðastöðvum vítt og breytt um landið
- Afgreitt er beint um borð í skip og inn á olíubíla en Gallon er með geymarými við sjávarsíðuna víða um land. Birgðastöðin í Örfirisey er langstærst
- Gallon er eini aðilinn sem geymir flugeldsneyti á öllum helstu flugvöllum landsins
- Gallon á 25% hlut í EBK sem er með starfsemi á Keflavíkurflugvelli



**35** **GEYMAR** UM ALLT LAND

8 **GEYMAR GALLON** Á HELSTU FLUG-VÖLLUM LANDSINS

7 **STARFSMENN** 100% KARLAR



# **Sp/f** Orkufelagið

Samhliða sölu á P/f Magn endurfjárfesti Skeljungur hluta söluandvirðisins í Sp/f Orkufelaginu og á Skeljungur nú 48% hlut í því félagi. Markmið Orkufelagsins er að verða leiðandi í öllum orkulausnum (full cycle) í Færeyjum.

Hjá félaginu er reynslumikið teymi í orkumálum og fagmenn í smásölu. Færeysk stjórnvöld hafa sett markið á 100% endurnýjanlega raforku fyrir árið 2030. Félagið mun nýta orkuskiptin og frjálsan færeyskan orkumarkað til að kanna fjárfestingar í vindi, sól, jarðhita og hitaveitu (djúpborun), jarðgasi og dreifingu og geymslu.

Félagið er jafnframt aðili að sameiginlegu verkefni um vindmyllugarð með LÍV lífeyrissjóði. Um er að ræða 20 ára framleiðsluleyfi fyrir 18MW ('take or pay contract') við raforkufyrirtæki Færeyja. Framkvæmdir hófust 2021 og er áætlað að þeim ljúki með gangsetningu á seinni hluta árs 2022.

# **Samfélagsleg** ábyrgð

Samfélagsábyrgðarstefna Skeljungs fléttar efnahags-, samfélags- og umhverfismál við almenna starfshætti félagsins. Skeljungur vill með þeim hætti tryggja ávinning af sínum rekstri fyrir alla haghafa.

Skeljungur sýnir ábyrga hegðun gagnvart nærsamfélaginu með gegnsæi í allri sinni upplýsingagjöf.

Skeljungur hefur frá árinu 2018 unnið sjálfbærniuppgjör í samstarfi við Klappir grænar lausnir. Félagið notar hugbúnaðinn *Klappir EnviroMaster* til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna og miðlun upplýsinga sem tengjast samfélagslegri ábyrgð.

*Sjá má nánari og ítarlegri upplýsingar um sjálfbærniuppgjör félagsins í samnefndum kafla í þessari skýrslu.*

**Samfélagsábyrgðarstefna Skeljungs byggir á 5 meginstoðum:**

- Mannauður
- Viðskiptavinurinn
- Samstarfsaðilar og birgjar
- Umhverfi
- Samfélag

## HEIMSMARKMIÐIN

Skeljungur ætlar að fylgja heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með markvissum hætti í starfsemi sinni.

Lögð verður áhersla á fjögur af markmiðunum:

**Nr. 07 - sjálfbær orka**
**Nr. 13 - aðgerðir í loftslagsmálum**
**Nr. 14 - líf í vatni**
**Nr. 15 - líf á landi**

Markmiðin sem félagið hefur valið tengjast öll starfsemi félagsins og því getur vinna félagsins að þeim hámarkað jákvæð áhrif þess á umhverfið.

Markmiðin eru bæði sett til lengri og skemmri tíma. Við val á markmiðum og úrbótaverkefnum þeim tengdum var horft til eðli fyrirtækisins og stefnu þess heimsmarkmiðanna og áherslna stjórnvalda þeim tengdum.

7 SJÁLFBÆR ORKA
14 LÍF Í VATNI
13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM
15 LÍF Á LANDI

## BLEIKA SLAUFAN

**13 milljónir** hafa safnast til Krabbameinsfélagsins í gegnum árin - þökk sé viðskiptavinum Orkunnar.

Bleika slaufan er verkefni Krabbameinsfélags Íslands sem lýtur að því að auka stuðning, fræðslu og ráðgjöf til þeirra er greinast með krabbamein og aðstandenda þeirra. Við erum stolt af fimmtán ára farsælu samstarfi við þetta verðuga málefni.

Í október 2021 safnaðist tæplega 1.000.000 kr. með bleikum Ofurdegi sem Orkan stóð fyrir, þar sem 2 kr. af hverjum seldum lítra þann sama dag rann til átaks Bleiku slaufunnar.

## VOTTANIR

NASDAQ ESG TRANSPARENCY PARTNER

iCert ÍST EN ISO 14001:2015

iCert ÍST EN ISO 9001:2015

JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

VIÐ ERUM FÉLAGAR FESTA Samfélagsábyrgð fyrirtækja

**ISO 14001**
Vottun samkvæmt ISO 14001 staðlinum á umhverfisstjórnunarkerfi 2021

**ISO 9001**
Vottun samkvæmt ISO 9001 staðlinum á gæðakerfi árið 2021

***Markmiðið í jafnréttisáætlun Skeljungs var að halda óútskýrðum launamun kynjanna 3% eða neðar og stóðst það markmið.***

Árleg viðhaldsúttekt jafnlaunavottunar var gerð í ágúst 2021 ásamt launagreiningu.

Niðurstöður launagreiningar sýndu að frávikin voru 3% körlum í hag og fylgni milli starfaflokkunar og launagreiningar (R2) 97,6% sem þykir mjög gott.

Frávikin hækkuðu á milli ára, úr 0,7% í 3%. Skýringuna má m.a. finna vegna meiri fjölbreytni í störfum.

Þá fjölgaði starfsmönnum mikið vegna sameiningar Skeljungs og Basko dótturfélags.

# **Kolefnisjöfnuð** starfsemi Skeljungs

Skeljungur er einn af stofnaðilum Votlendissjóðsins sem komið var á laggirnar 2018 en Skeljungur kolefnisjafnar alla starfsemi félagsins á Íslandi með endurheimt votlendis í gegnum Votlendissjóðinn.

**Jafnaðu þig hjá Orkunni**
Skeljungur var fyrsta olíufélagið á Íslandi til að bjóða viðskiptavinum sínum upp á þann valkost að kolefnisjafna eldsneytiskaup sín hjá félaginu í gegnum Orkulykla og kort.

Orkan skilar framlagi viðskiptavina sinna til Votlendissjóðsins sem nýtir fjármunina til endurheimtar votlendis. Þeir viðskiptavinir sem hafa skráð sig í kolefnisjöfnuð viðskipti hjá Orkunni hafa kolefnisjafnað sem samsvarar **36.022.951 kr.*** frá upphafi.

**Samtals í lok árs 2021*

VOTLENDIS SJÓÐUR




*„Skeljungur leitast við að vera traustur samfélagsþegn sem sýnir ábyrga hegðun gagnvart nærsamfélaginu með gegnsæi í allri sinni upplýsingagjöf.“*



## ORKUMÓTIÐ

Orkumótið í Eyjum er árlegt knattspyrnumót 6. flokks drengja. Verkefnið er samstarfsverkefni á milli Skeljungs og ÍBV og hefur samstarfið varað frá árinu 1991.

Á árunum 1991 til ársins 2015 bar mótið heitið Shell mótið, árið 2015 var svo fyrsta árið undir heitinu Orkumótið. Mótið er haldið í lok júní ár hvert og stendur yfir frá miðvikudegi til sunnudags. 1200 drengir keppa á mótinu ár hvert og leggja undir sig hvern grænan blett Heimaeyjar á meðan á mótinu stendur.

## UMHVERFI OG ÖRYGGI

Skeljungur hefur á árinu 2021 lagt mikla áherslu á að skilgreina bestu leiðir og setja sér mælanleg markmið vegna málefna er lúta að sjálfbærni. Þetta er gert með aukinni skráningu á UFS-liðum í kerfi Klappa og með mati hjá Reitun á árangur félagsins í þessum málaflokki.

**Skeljungur hefur sett sér markmið um að draga úr eldsneytisnotkun félagsins um 10% frá því sem hún var árið 2018 fyrir árið 2025. Ef horft er til eldsneytisnotkunar félagsins frá 2018 til 2021 þá er hún innan þeirra marka eða um 16%.**

Þrátt fyrir aukin umsvif í dreifingu eldsneytis milli áranna 2020 og 2021 varð aðeins 2,6% aukning í eldsneytisnotkun félagsins sem má þakka góðri dreifingarstjórnun og aukinni áherslu á vistakstur þar sem tekið er tillit til eldsneytisnotkunar og meðferðar á ökutækjum sem skilur eftir minna heildarkolefnisspor hvers ökutækis.

**Notkun á heitu vatni til hitunar á eldsneyti minnkaði um 70% eða 65.000m³ milli áranna 2020 og 2021. Það stafar af því að Skeljungur hætti um mitt ár 2020 að flytja inn tvær af þeim eldsneytistegundum sem félagið hafði boðið upp á, svartolíu og skipadísilolíu. Þetta er hluti af þeirri stefnu félagsins að bjóða viðskipavinum sínum eingöngu þá kosti sem hafa minnst áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda.**

Innflutningur á smurolíu í 20.000 lítra fargeymum hófst á árinu og lofar góðu. Smurolíunni er svo dælt á 1.000 lítra ker en með því móti fellur til minna af umbúðum sem þarf að farga. Einnig hóf félagið innflutning á smurolíu með kolefnisjafnaðri framleiðslu.

Fjögur lekatilvik voru á árinu 2021 sem er fækkun um þrjú tilfelli frá árinu 2020. Þau voru öll skilgreind sem minniháttar, ekki var um tilkynningaskyldu eða um mengaðan jarðveg að ræða í neinu tilvikanna.

Skeljungur hefur *núll slysastefnu* sem felur í sér að starfsemin sé án fjarveruslysa og náðist það markmið á árinu 2021.

*”Við sölu fasteigna, eignarhluta í Magn og rekstrarlegrar uppskiptingar varð til sterkt móðurfélag með mikla fjárfestingargetu.“*

# ÁRSREIKNINGUR
SKELJUNGS HF.
2021

## EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | **3** |
| Áritun óháðs endurskoðanda | **6** |
| Rekstrarreikningur | **9** |
| Yfirlit um heildarafkomu | **10** |
| Efnahagsreikningur | **11** |
| Eiginfjáryfirlit | **12** |
| Sjóðstreymisyfirlit | **13** |
| Skýringar | **14** |
| **Óendurskoðuð fylgiskjöl:** | |
| Ársfjórðungayfirlit | **38** |
| Stjórnarháttaryfirlýsing | **39** |
| Ófjárhagsleg upplýsingagjöf | **49** |
| Valdar fjárhagsupplýsingar | **56** |



**Skeljungur hf.**

Borgartúni 26
105 Reykjavík
kt. 590269-1749

# **Skýrsla og yfirlýsing** stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Skeljungs hf. hefur að geyma samstæðureikning Skeljungs hf. og dótturfélaga þess fyrir árið 2021. Hann er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í íslenskum lögum um ársreikninga. Megintilgangur félagsins er að eiga og stýra félögum sem eru m.a. á sviði smásölu og heildsölu, rekstur fasteigna, skipa og þjónustustöðva. Ennfremur lána- og fjárfestingastarfsemi og annar atvinnurekstur eða þátttaka í atvinnurekstri, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.

Helstu fjárhagslegu áhættur sem samstæðan býr við eru: lánsáhætta, lausafjáráhætta og markaðsáhætta. Markaðsáhætta samanstendur af vaxtaáhættu, olíuverðsáhættu og gjaldeyrisáhættu. Nánar vísast til skýringu nr. 33 um áhættustýringu samstæðunnar og umfjöllun um fjárhagslegar stærðir tengdar helstu áhættuþáttum.

Í tengslum við gerð ársreiknings hefur félagið komið á innra eftirliti og stýrir áhættu með viðeigandi starfaaðgreiningu og vel skilgreindum ábyrgðarsviðum. Ferlar eru til staðar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á ársreikning félagsins.

Heildartekjur samstæðunnar á árinu 2021 voru 33.903 millj. kr. (2020: 25.643 millj. kr.) og hagnaður nam 6.097 millj. kr. (2020: 791 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2021 námu eignir samstæðunnar 32.975 millj. kr. (2020: 25.503 millj. kr.) og skuldir 16.527 millj. kr. (2020: 15.582 millj. kr.). Eigið fé nam 16.448 millj. kr. (2020: 9.921 millj. kr.) og var eiginfjárhlutfall 50% (2020: 39%). Stöðugildi í lok árs voru 267,5 (2020: 255).

Í árslok var eignarhlutur Skeljungs hf. í dótturfélaginu P/F Magn seldur og koma áhrif þess fram sem aflögð starfsemi í rekstrarreikningi félagsins fyrir árið 2021 og hafa samanburðarfjárhæðir 2020 verið aðlagaðar til samræmis.

## Áhrif Covid19 á rekstur samstæðunnar

COVID-19 heimsfaraldurinn hafði talsverð áhrif á rekstur samstæðunnar á árinu eins og á árinu 2020 þó svo áhrifin hafi verið töluvert minni á árinu 2021. Aðgerðir stjórnenda samstæðunnar voru einkum fólgnar í að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina samhliða því að tryggja rekstrarsamfellu þannig að sem minnst truflun verði á þjónustu við viðskiptavini. Það er mat stjórnar að vel hafi tekist til í þessum aðgerðum og traust fjárhagsstaða hafi gert félaginu kleift að komast í gegnum faraldurinn þrátt fyrir að óvissa ríki um endalok hans. Nánar er fjallað um áhrifin á starfsemi félagsins í kaflanum um ófjárhagslega upplýsingagjöf.

## Önnur atriði

Frá 1. janúar 2021 voru dótturfélögin Basko ehf., Bensínorkan ehf., Langholt ehf. og 26 Fasteign ehf., sameinuð Skeljungi hf. Rekstur og efnahagur félaganna var fyrir sameininguna hluti af samstæðureikningi Skeljungs hf. og hafði sameiningin því ekki fjárhagsleg áhrif á samstæðuna. Á tímabilinu eignaðist Skeljungur allt hlutafé í Gló veitingum ehf. sem nú er hluti af samstæðureikningi félagsins. Fjárhagsleg áhrif á samstæðuna eru óveruleg.

Í lok febrúar voru gerðar talsverðar skipulagsbreytingar á Íslandi með fækkun á starfsfólki og tilfærslu verkefna. Kostnaðurinn við breytingar nam um 100 milljónum króna og var allur gjaldfærður á fyrsta ársfjórðungi 2021.

Í júní var undirritað rammasamkomulag milli Skeljungs og Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðrar breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Skeljungs og Orkunnar. Það er mat stjórnar að samkomulagið sé hagfellt félaginu til verðmætasköpunar á viðkomandi lóðum.

Þann 27. nóvember 2020 keypti Skeljungur hf. allt hlutafé í Port I ehf., eignarhaldsfélags Dælunnar ehf. og Löðurs ehf. Kaupin voru háð ýmsum forsendum og fyrirvörum, m.a. um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Áætlað kaupverð hlutafjár er 1.015 millj.kr, en það er háð forsendum í rekstri næstu ára auk ýmissa annarra skilyrða. Í júlímánuði 2021 samþykkti Samkeppniseftirlitið kaupin án allra skilyrða og varð Port I ehf. hluti af samstæðureikningi félagsins frá 1. ágúst 2021.

Þann 25. júní 2021 keypti Lyfsalinn ehf. allt hlutafé Lyfjavals ehf. og Landakot fasteignafélags ehf.. Samkeppniseftirlitið samþykkti kaupin án allra skilyrða í septembermánuði 2021. Skeljungur hf. er 10% hluthafi í Lyfsalanum ehf. en samhliða samþykktu kauptilboði og hlutafjáraukningu að fjárhæð um 423 millj.kr. varð Skeljungur 58% hluthafi í Lyfsalanum ehf. Lyfsalinn ehf. verður hluti af samstæðureikningi félagsins frá 1. október 2021.

Á hluthafafundi Skeljungs þann 7. október 2021 var samþykkt að skipta upp rekstri félagsins og stofna tvö dótturfélög um reksturinn; annað fyrir rekstur starfsemi á einstaklingssviði og hitt fyrir starfsemi á fyrirtækjasviði. Áður hafði verið tekin ákvörðun um stofnun á Gallon ehf., fyrir rekstur á birgðageymslum félagsins. Félögin Orkan IS ehf., Skeljungur IS ehf. og Gallon ehf. hófu starfsemi 1. desember 2021. Þá var einnig samþykkt að breyta tilgangi félagsins samkvæmt samþykktum sem m.a. tók mið af stofnun framangreindra dótturfélaga og veitt var heimild fyrir sölu á eignarhlut í P/F Magn.

Í árslok 2021 var gengið frá sölu á öllu hlutafé í P/F Magn og nam söluverðið 10 milljörðum króna. Þá var ákveðið að endurfjárfesta hluta söluverðsins í 48,3% eignarhlut í SP/F Orkufélaginu fyrir 2.422 millj. króna.

### Hlutafé og samþykktir

Skráð hlutafé félagsins nam í árslok 1.936 millj. kr. Atkvæðisrétti í Skeljungi hf. er þannig háttað að 1 kr. jafngildir 1 atkvæði. Hlutafé félagsins er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq og njóta allir hlutir sömu réttinda. Hlutafé í árslok skiptist á 723 hluthafa en þeir voru 640 í ársbyrjun. Tíu stærstu hluthafar félagsins voru í árslok:

| Hluthafi | Nafnverð hlutafjár m.kr. | Eignahlutur |
|---|---|---|
| Strengur hf. | 969 | 50,06% |
| Gildi - lífeyrissjóður | 200 | 10,34% |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 163 | 8,44% |
| Arion banki hf. | 145 | 7,51% |
| Birta lífeyrissjóður | 123 | 6,36% |
| Lífsverk lífeyrissjóður | 80 | 4,11% |
| Eftirlaunasj atvinnuflugmanna | 24 | 1,24% |
| Íslandsbanki hf. | 18 | 0,92% |
| Lífeyrissjóður bænda | 8 | 0,43% |
| Landsbankinn - safnreikningur 1 | 8 | 0,41% |
| **10 stærstu hluthafar samtals** | **1.739** | **89,84%** |
| Aðrir hluthafar | 197 | 10,16% |
| **Samtals útistandandi hlutir** | **1.936** | **100,00%** |
| Eigin hlutir | 0 | |
| **Heildarhlutafé skv. samþykktum** | **1.936** | |

Á aðalfundi Skeljungs hf. þann 4. mars 2021 var stjórn félagsins veitt heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að nafnverði allt að 10% af heildarhlutafé. Ekki hefur verið tilkynnt um kaup samkvæmt þessari heimild. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Á aðalfundi félagsins var einnig samþykkt að lækka hlutafé félagsins úr kr. 1.985.675.666 að nafnverði í kr. 1.936.033.774 að nafnverði, með þeim hætti að eigin hlutir félagsins að nafnverði kr. 49.641.892 voru ógiltir. Auk þess samþykktu hluthafar á aðalfundi Skeljungs hf. að greiða arð til hluthafa að fjárhæð 350 milljónum króna. Greiðsla arðs fór fram þann 8. apríl 2021.
Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði út arður til hluthafa á árinu 2022 vegna rekstrarársins 2021 að fjárhæð 500 m.kr. Samkvæmt samþykktri arðgreiðslustefnu félagsins er stefnt að því að greiða árlega til hluthafa allt að 50% af hagnaði í formi arðgreiðslu.

### Stjórnarhættir

Stjórn og stjórnendur Skeljungs hf. leggja ríka áherslu á að góðir stjórnarhættir séu hafðir að leiðarljósi í starfsemi félagsins. Góðir stjórnarhættir eru að mati stjórnar og stjórnenda undirstaða bæði trausts og skilvirkni og treysta þannig samband allra haghafa félagsins. Félagið leitast við að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtökum atvinnulífsins (leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is.). Stjórnin hefur einnig sett sér starfsreglur sem byggja að miklu leyti á ofangreindum leiðbeiningum og er meðal annars ætlað að skilgreina verksvið stjórnar og forstjóra frekar.

Í stjórn Skeljungs hf. eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið ákvæði laga um kynjahlutföll stjórnar félagsins. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í viðaukanum Stjórnarháttayfirlýsing sem fylgir ársreikningnum.

### Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Skeljungur leggur áherslu á að sýna ábyrgð, sem þátttakandi í samfélaginu, og að stuðla að heilbrigðara atvinnulífi. Skeljungur hefur tekið saman yfirlit um upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, auk þess að fjalla um stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið er viðauki með ársreikningnum.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er það álit þeirra að ársreikningur félagsins gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Stjórn og forstjóri Skeljungs hf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 8. febrúar 2022.

**Stjórn**

Jón Ásgeir Jóhannesson,
formaður

Birna Ósk Einarsdóttir

Sigurður Kristinn Egilsson

Nanna Björk Ásgrímsdóttir

Þórarinn Arnar Sævarsson

**Forstjóri**

Ólafur Þór Jóhannesson

# **Áritun** óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Skeljungs hf.

## Áritun um endurskoðun samstæðuársreiknings

### Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Skeljungs hf. („samstæðan") fyrir árið 2021. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2021 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð samstæðunni við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 16. apríl 1982 og höfum verið endurskoðendur samfellt síðan þá.

### Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

| Lykilþáttur | Viðbrögð í endurskoðuninni |
|---|---|
| **Sala á dótturfélaginu P/F Magn**<br>Í lok árs 2021 gekk Skeljungur frá sölu á 100% eignarhluta sínum í P/F Magn til Sp/F Orkufélagsins. Samhliða þessum viðskiptum fjárfesti Skeljungur í 48% eignarhluta í Sp/F Orkufélaginu. Í ársreikningi samstæðunnar er P/F Magn sett fram sem aflögð starfsemi í rekstrarreikningi.<br><br>Salan á P/F Magn er lykilþáttur í endurskoðun á ársreikningi samstæðunnar þar sem um er að ræða viðskipti sem hafa veruleg áhrif á samstæðuársreikninginn. Við söluna þurftu stjórnendur að meta hvort yfirráðum yfir félaginu væri lokið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, hvort setja ætti P/F Magn fram sem aflagða starfsemi og setja fram tengdar skýringar.<br><br>Í skýringu 37 er fjallað um söluna á P/F Magn, aflagða starfsemi og kaup á 48% eignarhluta í Sp/F Orkufélaginu. | Við yfirförum mat og framsetningu stjórnenda á sölu dótturfélagsins P/F Magns í samstæðuársreikningi. Í þeirri vinnu fólst meðal annars:<br><br>• Farið var yfir samning um sölu á eignarhlutnum í P/F Magn og samninga tengdum fjárfestingu Skeljungs á 48% hlut í Sp/f Orkufelaginu<br>• Lagt mat á forsendur stjórnenda fyrir þeirra ákvörðun að yfirráðum yfir P/F Magn væri lokið og að P/F Magn teldist aflögð starfsemi í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla.<br>• Við yfirförum skýringu í samstæðuársreikningi og staðfestum að upplýsingar sem reikningsskilareglur kveða á um kæmu fram. |

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekkert að upplýsa hvað þetta varðar.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

## Áritun og staðfesting vegna annarra ákvæða laga

### Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Skeljungi hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á því hvort samstæðuársreikningur Skeljungs hf. fyrir árið 2021 með skráarheitið [549300HQOKYY8SFBUW85-2021-12-31-is] hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið í samræmi við reglur ESB 2019/815 sem innihalda skilyrði sem tengjast gerð samstæðuársreikningsins á XHTML formi og iXBRL merkingum.

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021. Í því felst meðal annars að útbúa samstæðuársreikninginn á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar ESB 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið.

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu, byggt á gögnum sem við höfum aflað, um hvort samstæðuársreikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með áliti okkar. Eðli, tímasetning og umfang vinnunnar byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á hættunni á að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglunum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Skeljungs hf. fyrir árið 2021 með skráarheitið [549300HQOKYY8SFBUW85-2021-12-31-is] sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Matthías Þór Óskarsson endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun samstæðuársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 8. febrúar 2022

*KPMG ehf.*

# **Rekstrarreikningur** ársins 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020* |
|---|---|---|---|
| Sala | 8. | 33.903 | 25.643 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 9. | ( 27.242) | ( 20.086) |
| **Framlegð** | | 6.662 | 5.557 |
| Aðrar rekstrartekjur | 10. | 352 | 305 |
| Laun og launatengd gjöld | 11. | ( 2.448) | ( 2.448) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | 12. | ( 1.926) | ( 1.813) |
| Annar rekstrarkostnaður | 13. | ( 596) | ( 433) |
| | | ( 4.970) | ( 4.694) |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)** | | 2.044 | 1.168 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna | 19. | ( 1.121) | ( 1.021) |
| **Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT)** | | 923 | 146 |
| Fjármunatekjur | 15. | 18 | 121 |
| Fjármagnsgjöld | 15. | ( 451) | ( 322) |
| | | ( 433) | ( 201) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 22. | ( 162) | ( 102) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 328 | ( 157) |
| Tekjuskattur | 16. | ( 92) | 18 |
| Hagnaður (tap) af áframhaldandi starfsemi | | 237 | ( 139) |
| Aflögð starfsemi | 37. | 5.861 | 931 |
| **Hagnaður ársins** | | 6.097 | 791 |
| **Skipting hagnaðar** | | | |
| Eigendur móðurfélags | | 6.108 | 759 |
| Minnihluti í dótturfélögum | | ( 11) | 32 |
| | | 6.097 | 791 |
| **Hagnaðarhlutur:** | | | |
| Hagnaður á hlut | 28. | 3,14 | 0,39 |
| Þynntur hagnaður á hlut | 28. | 3,14 | 0,39 |
| Hagnaður á hlut á áframhaldandi starfsemi | 28. | 0,12 | ( 0,07) |
| Þynntur hagnaður á hlut á áframhaldandi starfsemi | 28. | 0,12 | ( 0,07) |
| Hagnaður á hlut á aflagðri starfsemi | 28. | 3,01 | 0,47 |
| Þynntur hagnaður á hlut á aflagðri starfsemi | 28. | 3,01 | 0,47 |

Skýringar á blaðsíðum 14-37 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.
*Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt vegna aflagðrar starfsemi.

# **Yfirlit** um heildarafkomu 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Hagnaður ársins | | 6.097 | 791 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem síðar kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi:** | | | |
| Þýðingarmunur hlutdeildar- og dótturfélaga | | ( 118) | 678 |
| Þýðingarmunur hlutdeildar- og dótturfélaga innleystur í rekstrarreikningi | | 291 | 0 |
| Þýðingamunur vegna áhættuvarna hreinnar fjárfestingar | | 147 | ( 478) |
| Tekjuskattsáhrif vegna áhættuvarna hreinnar fjárfestingar | | ( 29) | 96 |
| Þýðingarmunur vegna áhættuvarna hreinnar fjárfestingar Innleyst í rekstrarreikningi | | 544 | 0 |
| | | 834 | 295 |
| Heildarhagnaður ársins | | 6.932 | 1.087 |
| Skipting heildarhagnaðar | | | |
| Eigendur móðurfélags | | 6.942 | 1.028 |
| Minnihluti í dótturfélögum | | ( 11) | 58 |
| | | 6.932 | 1.087 |

Skýringar á blaðsíðum 14-37 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# **Efnahagsreikningur** 31. desember 2021

| | Skýr. | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Viðskiptavild | 17. | 3.315 | 3.947 |
| Aðrar óefnislegar eignir | 18. | 11 | 682 |
| Rekstrarfjármunir | 19. | 9.183 | 11.264 |
| Leigueignir | 19. | 1.617 | 1.682 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 22. | 3.193 | 521 |
| Langtímakröfur | 23. | 381 | 29 |
| Fastafjármunir | | 17.699 | 18.125 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 24. | 3.700 | 2.705 |
| Viðskiptakröfur | 25. | 3.095 | 3.145 |
| Aðrar skammtímakröfur | 26. | 177 | 229 |
| Lán til tengdra félaga | 35. | 38 | 0 |
| Veltuhlutabréf | | 0 | 223 |
| Handbært fé | | 8.265 | 1.078 |
| Veltufjármunir | | 15.275 | 7.378 |
| **Eignir samtals** | | **32.975** | **25.503** |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.936 | 1.936 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 3.210 | 3.210 |
| Bundnir eiginfjárreikningar | | 804 | 1.565 |
| Óráðstafað eigið fé | | 10.312 | 2.958 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélags | 27. | 16.262 | 9.670 |
| Hlutdeild minnihluta | | 186 | 252 |
| Eigið fé samtals | | 16.448 | 9.921 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 29. | 30 | 392 |
| Leiguskuldbindingar | 30. | 1.530 | 1.608 |
| Aðrar langtímaskuldbindingar | | 104 | 0 |
| Skuldir við lánastofnanir | 31. | 3.071 | 5.705 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | 4.735 | 7.705 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 31. | 3.709 | 2.370 |
| Viðskiptaskuldir | | 2.442 | 2.448 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 31. | 1.831 | 531 |
| Næsta árs afborganir af leiguskuldbindingum | 30. | 253 | 212 |
| Skuldir við tengd félög | 35. | 10 | 4 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 16,29. | 178 | 208 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 32. | 3.368 | 2.105 |
| Skammtímaskuldir | | 11.791 | 7.877 |
| Skuldir samtals | | 16.527 | 15.582 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **32.975** | **25.503** |

Skýringar á blaðsíðum 14-37 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# **Eiginfjáryfirlit** ársins 2021

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Lögbundinn varasjóður | Varasjóður v. kaupréttar-samninga | Þýðingar-munur | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé hluthafa móðurfélags | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2020** | | | | | | | | | | |
| Eigið fé hluthafa 31.12.2019 | 1.986 | 3.210 | 501 | 1 | ( 1.103) | 2.198 | 2.837 | 9.629 | 193 | 9.823 |
| Hagnaður ársins | | | | | | | 759 | 759 | 32 | 791 |
| Önnur heildarafkoma | | | | | 269 | | | 269 | 26 | 295 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 269 | 0 | 759 | 1.028 | 58 | 1.087 |
| Bundið v/ afkomu dóttur- og hlutd.félaga | | | | | | 833 | ( 833) | 0 | | 0 |
| Fenginn arður frá dótturfélagi | | | | | | ( 1.133) | 1.133 | 0 | | 0 |
| Úthlutaður arður til hluthafa | | | | | | | ( 600) | ( 600) | | ( 600) |
| Keypt eigin bréf | ( 50) | | | | | | ( 334) | ( 384) | | ( 384) |
| Innleystir kaupréttarsamningar | | | | ( 1) | | | ( 4) | ( 4) | | ( 4) |
| Staða 31.12.2020 | 1.936 | 3.210 | 501 | 1 | ( 834) | 1.898 | 2.958 | 9.670 | 252 | 9.921 |
| **2021** | | | | | | | | | | |
| Eigið fé hluthafa 31.12.2020 | 1.936 | 3.210 | 501 | 1 | ( 834) | 1.898 | 2.958 | 9.670 | 252 | 9.921 |
| Hagnaður (tap) ársins | | | | | | | 6.108 | 6.108 | ( 11) | 6.097 |
| Önnur heildarafkoma | | | | | 834 | | | 834 | 0 | 834 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 834 | 0 | 6.108 | 6.942 | ( 11) | 6.932 |
| Bundið v/ afkomu dótturfélaga | | | | | | ( 1.628) | 1.628 | 0 | | 0 |
| Bundið v/ afkomu hlutdeildarfélaga | | | | | | 32 | ( 32) | 0 | | 0 |
| Úthlutaður arður til hluthafa | | | | | | | ( 350) | ( 350) | | ( 350) |
| Áhrif af sölu dótturfélags | | | | | | | | 0 | ( 225) | ( 225) |
| Áhrif nýrra dótturfélaga | | | | | | | | 0 | 170 | 170 |
| Staða 31.12.2021 | 1.936 | 3.210 | 501 | 1 | 0 | 302 | 10.312 | 16.262 | 186 | 16.448 |

Skýringar á blaðsíðum 14-37 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# **Sjóðstreymisyfirlit** ársins 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | | 6.097 | 791 |
| Leiðrétt fyrir: | | | |
| Afskriftir | 19. | 1.420 | 1.307 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 22. | 171 | 88 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 15. | 827 | 274 |
| Söluhagnaður eigna | | ( 4.874) | ( 5) |
| Tekjuskattur | 16. | 95 | 188 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts | | 3.736 | 2.644 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, breyting | | ( 1.815) | 723 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting | | ( 2.043) | 642 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | | 3.628 | ( 1.495) |
| | | ( 230) | ( 130) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 3.506 | 2.514 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 22 | 32 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 590) | ( 424) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 183) | ( 310) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.754 | 1.812 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 19. | ( 967) | ( 1.071) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 47 | 126 |
| Fjárfesting í dótturfélögum | | ( 2.357) | ( 101) |
| Fjárfest í hlutdeildarfélögum | | ( 2.787) | ( 196) |
| Söluverð eignarhluta í dótturfélagi | | 9.995 | 0 |
| Fjárfesting og sala veltuhlutabréfa | | 223 | ( 126) |
| Verðbréf, breyting | | ( 302) | ( 23) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 3.852 | ( 1.391) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Kaup á eigin bréfum | | 0 | ( 384) |
| Afborganir langtímaskulda og leigusamninga | | ( 769) | ( 2.023) |
| Tekin ný langtímalán | | 1.309 | 1.258 |
| Greiddur arður | | ( 350) | ( 600) |
| Greiddur arður til minnihluta | | ( 332) | 0 |
| Handbært fé frá félagi í samstæðu | | 0 | 1 |
| Skammtímalán, breyting | | 1.113 | 1.849 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 971 | 101 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 7.577 | 522 |
| **Handbært fé í byrjun árs** | | 1.078 | 506 |
| **Gengismunur á handbæru fé** | | ( 390) | 50 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 8.265 | 1.078 |

Skýringar á blaðsíðum 14-37 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Félagið

Skeljungur hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Borgartún 26, Reykjavík. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess (sem vísað er til í heild sem „samstæða" og eitt og sér sem „félag") og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Tilgangur félagsins er að eiga og stýra félögum sem eru m.a. á sviði smásölu og heildsölu, rekstur fasteigna, skipa og þjónustustöðva. Ennfremur lána- og fjárfestingastarfsemi og annar atvinnurekstur eða þátttaka í atvinnurekstri, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar. Félagið rekið undir merkjum Skeljungs, Orkunnar, Kvikk, 10-11, Extra, Löðurs og starfræktar eru 70 bensínstöðvar, 7 dagvöruverslanir, 15 þvottastöðvar og 4 birgðastöðvar. Viðskiptavinir félaganna koma úr öllum geirum samfélagsins.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum og reglum um ársreikninga félaga með skráð hlutabréf.

Stjórn Skeljungs hf. samþykkti og heimilaði birtingu samstæðuársreikningsins þann 8. febrúar 2022.

Reikningsskil samstæðunnar byggja á kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat stjórnenda á reikningsskilunum

Gerð samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í samstæðuársreikningnum er að finna í skýringu um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild (skýring 17.).

a. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja við þá niðurstöður að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið.
- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

Nánari upplýsingar um forsendur sem notaðar eru við ákvörðun gangvirðis er að finna í skýringu um óefnislegar eignir (skýring 17.) og skýringu um áhættustýringu (skýring 33.).
Veltuhlutabréf samanstanda af eignarhlutum í skráðum félögum og eru skráð á gangvirði.

5. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samstæðan hefur beitt reikningsskilaaðferðum sem lýst er í þessari skýringu með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema að annað sé tekið fram.

a. Grundvöllur samstæðu

i) Sameining fyrirtækja

Samstæðan færir sameiningu fyrirtækja með því að nota kaupaðferðina þegar yfirráð flytjast til hennar. Endurgjald fyrir yfirtöku er að jafnaði metið á gangvirði eins og keyptar hreinar aðgreinanlegar eignir. Viðskiptavild sem verður til er virðisprófuð árlega. Allur hagnaður af hagstæðum kaupum er færður í rekstrarreikning þegar í stað. Viðskiptakostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til nema hann tengist útgáfu skuldabréfa eða hlutabréfa.

Hlutdeild annarra eigenda, það er þeirra sem ekki eru ráðandi, er metin miðað við hlutdeild þeirra í aðgreinanlegum eignum yfirtekinnar einingar á kaupdegi.

ii) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

iii) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, staða milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

iv) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20% til 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum nýtanlegum atkvæðarétti, ef einhver er.

Hlutdeildarfélögin eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði og er þar meðtalinn kostnaður við kaupin.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðu í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

b. Erlendir gjaldmiðlar

*Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli samstæðunnar á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast vegna eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum er færður í yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar.

*Dótturfélög með annan starfsrækslugjaldmiðil en íslenska krónu*

Eignir og skuldir erlendra starfsemi eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendrar starfsemi eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Sjóðstreymi er umreiknað í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

Samstæðan beitir áhættuvarnarreikningsskilum á gengismun sem myndast vegna þýðingar reikningsskila erlendrar starfsemi úr starfrækslugjaldmiðli erlendrar starfsemi í starfsrækslugjaldmiðil móðurfélagsins.
Að því marki sem vörn er virk, er gengismunur vegna fjárskuldar sem skilgreind er með áhættuvörn vegna fjárfestingar í erlendri starfsemi færður meðal annarrar heildarafkomu og þar af leiðandi á þýðingarmun meðal eigin fjár. Annar gengismunur vegna fjárskuldarinnar er færður í rekstrarreikning. Þegar varin fjárfesting er seld eða aflögð er viðeigandi fjárhæð endurflokkuð af þýðingarmun yfir í rekstrarreikning sem hluti af hagnaði eða tap við sölu eða aflögn starfseminnar.

c. Tekjur

(i) Seldar vörur og þjónusta

Tekjur af eldsneyti og öðrum vörum eru færðar við afhendingu og mánaðarlega eru sendir út reikningar til stærri viðskiptavina sem ekki eru í staðgreiðsluviðskiptum og greiðslufrestur er 20-40 dagar.

(ii) Aðrar rekstrartekjur

Meðal annarra rekstrartekna færast umboðslaun, hagnaður af sölu eigna, leigutekjur og aðrar tekjur. Aðrar tekjur eru færðar við afhendingu vöru eða þjónustu. Leigutekjur eru tekjufærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

d. Gjöld

(i) Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara samanstendur af innkaupsverði seldra birgða ásamt flutningskostnaði, vörugjöldum og tollum.

(ii) Rekstrarleigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

e. Hlunnindi starfsmanna

(i) Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði

Samstæðan greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

(ii) Kaupréttarsamningar

Gangvirði kaupréttarsamninga við starfsmenn er metið á samningsdegi og verður gjaldfært meðal launa og launatengdra gjalda á því tímabili sem starfsmennirnir ávinna sér kauprétti. Mótfærsla verður á sérstakan lið meðal eigin fjár. Árleg gjaldfærsla er leiðrétt með tilliti til fjölda áunninna kauprétta. Gangvirði kaupréttarsamninga er metið með Black-Scholes aðferðinni. Við matið eru notaðar forsendur um gengi hlutabréfa á matsdegi, gengi í kaupréttarsamningum, vænt flökt á gengi hlutabréfa, gildistíma samninganna, væntar arðgreiðslur og áhættulausa vexti (byggt á ríkisverðbréfum).

f. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðtekjum og gangvirðisbreytingum fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gangvirðisbreytingum fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning og virðisrýrnun annarra fjáreigna en lána og krafna.

Hagnaði eða tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman og fært annað hvort sem fjármunatekjur eða fjármagnsgjöld eftir því sem við á.

g. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu og frestaður tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða meðal annarrar heildarafkomu í yfirliti um heildarafkomu.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi. Skatteign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman ef til staðar er lagaleg heimild til að jafna tekjuskatt til greiðslu á móti skatteign og þær heyra undir sömu skattyfirvöld.

Skatteign er færð vegna yfirfæranlegs skattalegs taps, skattaívilnana og frádráttarbærra tímabundinna mismuna að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteignin er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

h. **Hagnaður á hlut**
Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu.

i. **Óefnislegar eignir og viðskiptavild**
(i) **Færsla og mat**
Viðskiptavild sem myndast við kaup á eignarhlutum í dótturfélögum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði eignarhlutans annars vegar og hlutdeild í hreinni eign félags á kaupdegi hins vegar. Virðisrýrnunarpróf er framkvæmt að minnsta kosti árlega.

Hugbúnaður og viðskiptasambönd frá dótturfélagi sem hafa ákveðinn líftíma, eru færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og uppsafnaðri virðisrýrnun ef einhver er.

(ii) **Kostnaður sem fellur til síðar**
Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Reglulegar viðgerðir og viðhald er fært til gjalda þegar kostnaður fellur til.

(iii) **Afskriftir**
Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði eignar að frádregnu áætluðu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingatíma og er færð í rekstrarreikning. Viðskiptavild er ekki afskrifuð.

Áætlaður nýtingartími á árinu og samanburðarári greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Hugbúnaður ........................................ | 10 ár |
| Viðskiptasambönd ........................................ | 20 ár |

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi og breytt ef það er viðeigandi.

j. **Rekstrarfjármunir**
(i) **Færsla og mat**
Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og uppsafnaðri virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan beinan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi búnað er færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði búnaðar.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar meðal rekstrarfjármuna.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er ákvarðað með því að bera saman söluverð og bókfært verð eignarinnar og er jafnað saman og fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna eða annars rekstrarkostnaðar.

(ii) **Kostnaður sem fellur til síðar**
Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Reglulegar viðgerðir og viðhald er fært til gjalda þegar kostnaður fellur til.

(iii) **Afskriftir**
Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði eignar að frádregnu niðurlagsverði. Verulegir einstakir hlutar einstakra eigna eru metnir og ef hlutinn hefur nýtingartíma sem er annar en eignin sjálf, þá er sá hluti afskrifaður sérstaklega.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað.

Rekstrarfjármunir eru afskrifaðir frá þeim degi sem þeir eru uppsettir og tilbúnir til notkunar eða í tilviki eigna sem samstæðan byggir sjálf, frá þeim degi sem eignin er fullgerð og tilbúin til notkunar.

Áætlaður nýtingartími á árinu og samanburðarári greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Olíustöðvar og fasteignir ........................................ | 11 - 50 ár |
| Vélar, áhöld og tæki ........................................ | 4 - 13 ár |

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi og breytt ef það er viðeigandi.

## k. Leigusamningar

Við upphaf samnings leggur samstæðan mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða heild ef hann felur í sér rétt til yfirráða tiltekinnar eignar á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald. Við mat á því hvort leigusamningur felur í sér yfirráð tiltekinnar eignar notar samstæðan skilgreiningu leigusamnings í IFRS 16.

### (i) Samstæðan sem leigutaki

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar samstæðan endurgjaldinu á sérhvern leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hlutar fyrir sig. Fyrir leigusamninga um fasteignir hefur samstæðan hins vegar kosið að aðgreina ekki leiguhluta frá öðrum hlutum samningsins og færir þá sem einn leigusamning.

Samstæðan færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði, sem er upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og áætlaðs kostnaðar við að taka niður og fjarlægja eignina, eða til þess að færa eignina eða umhverfi hennar í samt horf að loknum leigusamningi, og að frádregnum leiguívilnunum sem samstæðan hefur fengið.

Leigueignin er afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til félagsins í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að samstæðan muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigueignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar, sem er ávarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármuni félagsins. Jafnframt er virði leigueignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisrýrnun hennar, ef einhver er, og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar.

Leiguskuld er upphaflega færð við núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti leigusamningsins, séu þeir tilækir, en annars notar samstæðan þá vexti sem hún fær af nýju lánsfé. Að jafnaði notar samstæðan vexti á nýju lánsfé til núvirðingar.

Samstæðan ákvarðar vexti af nýju lánsfé með því að sækja vaxtaupplýsingar vegna ólíkra fjármögnunarleiða og gerir tilteknar aðlaganir til að endurspegla skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leigð.

Leigugreiðslur sem eru innfaldar í ákvörðun fjárhæðar leiguskuldar fela í sér eftirfarandi:
– Fastar greiðslur, þar með taldar leigugreiðslur sem eru samkvæmt eðli sínu fastar;
– Breytilegar leigugreiðslur tengdar vöxtum eða vísitölu, upphaflega áætlaðar miðað við vexti eða vísitölu á upphafsdegi;
– Fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að þurfi að greiða samkvæmt hrakvirðistryggingu; og
– Kaupverð samkvæmt kaupréttarákvæði í leigusamningi þegar samstæðan telur nokkuð víst að hún muni nýta kaupréttinn, leigugreiðslur á valkvæðum framlengingartímabilum ef samstæðan er nokkuð viss um að hún muni nýta framlengingarheimildir og greiðslur vegna uppsagnar leigusamnings fyrir lok leigutímans, nema samstæðan sé nokkuð viss um að nýta ekki uppsagnarheimildir.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, ef breyting verður á mati félagsins á fjárhæð sem hún væntir að verði greidd samkvæmt hrakvirðistryggingu, ef samstæðan breytir mati sínu á því hvort hún muni nýta kaupréttarákvæði, heimildir til framlengingar eða uppsagnar leigusamnings eða þegar breyting verður á fjárhæð leigugreiðslu sem er í eðli sínu föst.

Þegar leiguskuldin er endurmetin með þessum hætti er samsvarandi leiðrétting gerð á bókfærðu verði leigueignarinnar, eða leiðrétting færð í rekstrarreikning félagsins ef bókfært virði leigueignarinnar hefur verið fært niður í núll.

Leigueignir sem ekki uppfylla skilgreiningu á fjárfestingarfasteign eru færðar meðal rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi en leiguskuldir meðal vaxtaberandi lána.

*Skammtímaleigusamningar og leigusamningar um óverulegar eignir*
Samstæðan kýs að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna leigusamninga um óverulegar eignir og skammtímaleigusamninga, þar á meðal um tölvubúnað. Samstæðan gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

**(ii)** Samstæðan sem leigusali

Við upphaf eða breytingu á samningi sem inniheldur leiguþátt skiptir samstæðan endurgjaldi samkvæmt samningnum niður á einstaka leiguþætti samningsins á grundvelli hlutfallslegs sjálfstæðs verðs þeirra.

Þegar samstæðan er leigusali er ákvarðað við upphaf leigusamnings hvort um er að ræða fjármögnunarleigusamning eða rekstrarleigusamning.

Við flokkun leigusamnings leggur samstæðan heildstætt mat á það hvort leigusamningurinn flytji meginhluta áhættu og ávinnings sem tilheyrir eignarhaldi undirliggjandi eignar. Ef það er niðurstaðan þá er leigusamningurinn fjármögnunarleigusamningur, en ef ekki þá er hann rekstrarleigusamningur. Ákveðnir þættir eru hluti af þessu mati eins og til dæmis hvort leigusamningurinn nær yfir meginhluta hagræns endingartíma eignarinnar.

Þegar samstæðan tekur eign á leigu og leigir hana áfram færir hún hagsmuni sína samkvæmt upphaflegum leigusamningi annars vegar og framleigusamningi hins vegar. Samstæðan flokkar framleigusamning með vísan til leigueignarinnar sem leiðir af upphaflegum leigusamningi, en ekki með vísan til undirliggjandi eignar. Ef upphaflegur leigusamningur er skammtímaleigusamningur sem samstæðan fer með eftir undanþágunni sem gerð er grein fyrir hér að framan er framleigusamningurinn rekstrarleigusamningur

Ef samningur felur í sér leiguþátt og aðra óskylda þætti, þá beitir samstæðan IFRS 15 til þess að úthluta endurgjaldi á einstaka þætti samningsins.

## l. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöruna.

## m. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar samstæðunni ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að komi til greiðslu og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbinding er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta sem endurspegla markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni. Bakfærsla núvirðingarinnar er færð sem fjármagnsgjöld.

## n. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gagnvirði við upphaflega skráningu í bókhaldi. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér eftir.

*Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði*

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af handbæru fé, verðbréfaeign, samningum, viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

*Handbært fé*

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

*Aðrar fjárskuldir*

Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Í skýringum 5.f. er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Skuldabréf og aðrar fjárskuldir eru upphaflega bókfærð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur samstæðunnar er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er annaðhvort að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Samstæðan flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda samstæðunnar, annarra en afleiðusamninga, teljast lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

(iii) Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Beinn viðskiptakostnaður vegna þeirra er færður í rekstrarreikning eftir því sem hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar (að meðtöldum innbyggðum afleiðum) færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Afleiðursamningar vegna innkaupa á olíu eru færðir meðal birgða í efnahagsreikningi, en viðskiptakostnaður er færður meðal kostnaðarverðs seldra vara.

(iv) Hlutafé

Hlutafé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður við útgáfu almennra hluta er færður til lækkunar á yfirverðsreikningi hlutafjár að frádregnum skattaáhrifum.

*Kaup á eigin hlutum*

Við kaup á eigin hlutum er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir eða endurútgefnir er eigið fé hækkað og hagnaður eða tap af viðskiptunum fært á eigið fé.

o. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, þar með töldum eignarhlutum í hlutdeildarfélögum. Fjáreign telst hafa orðið fyrir virðisrýrnun ef hlutlægar vísbendingar eru til staðar um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða eftir upphaflega skráningu eignarinnar, sem leiða til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið og hægt er að meta áhrif atburðarins með áreiðanlegum hætti.

Við mat á virðisrýrnun einstakra flokka fjáreigna styðst samstæðan við sögulega leitni á líkum um vanskil, tímasetningu endurheimtu og innleyst töp, með tilliti til mats stjórnenda á því hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður leiði til að tapið verði í raun hærra eða lægra en söguleg reynsla segir til um.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar eru gerð að minnsta kosti árlega.

Eignum er skipt upp í minnstu fjárskapandi einingar sem hægt er prófa fyrir virðisrýrnun og eru óháðar öðrum eignum eða fjárskapandi einingum. Viðskiptavild sem myndast vegna sameiningar fyrirtækja er skipt á fjárskapandi einingar eða hóp fjárskapandi eininga sem vænta má að njóti góðs að samlegðaráhrifum.

p. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er eining innan samstæðunnar sem viðhefur starfsemi sem getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þ.m.t. tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðrar rekstareiningar samstæðunnar. Afkoma starfsþátta, sem aðskildar fjárhagsupplýsingar eru fáanlegar fyrir, eru reglulega skoðaðar af stjórnendum samstæðunnar til þess að taka ákvarðanir um úthlutun auðlinda til starfsþáttarins og við mat á árangri hans. Stjórnendur samstæðunnar álíta hana einn starfsþátt. Landfræðilegir starfsþættir eru tveir.

q. **Nýir reikningsskilastaðar og túlkanir**

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda um fjárhagsár sem hefjast eftir 1. janúar 2021 en er heimilt að beita fyrir gildistöku þeirra. Samstæðan hefur hins vegar ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila.

Ekki er búist við að nýir staðlar og breytingar eftirfarandi á stöðlum og túlkunum muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

- COVID-19 tengdar leiguívilnanir lengur en til 30. júní 2021 (Breyting á IFRS 16).
- Árlegar endurbætur á IFRS stöðlum 2018-2020.
- Rekstrarfjármunir: Tekjur áður en ætluð not hefjast (Breyting á IAS 16).
- Tilvísun til hugtakaramma alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Breytingar á IFRS 3).
- Flokkun skulda í langtíma og skammtímahluta (Breytingar á IAS 1).
- IFRS 17 og breytingar á IFRS 17 Vátryggingasamningar.
- Skýringar um reikningsskilareglur (Breytingar á IAS 1 og Leiðbeinandi verklagi IFRS nr. 2).
- Skilgreining reikningshaldslegs mats (Breytingar á IAS 8)

7. **Landfræðileg skipting**

Við framsetningu upplýsinga hér að neðan er byggt á landfræðilegri staðsetningu félaga í samstæðu.

Árið 2021

Starfsemi í Færeyjum var seld út úr samstæðunni á árinu og því er starfsemi nú eingöngu á Íslandi og því ekki sýnd frekari landfræðileg skipting fyrir árið 2021, nánar um aflagða starfsemi í skýringu 37.

Árið 2020

| Rekstrarreikningur | Ísland | Færeyjar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildartekjur | 25.970 | 15.560 | 41.530 |
| Tekjur innan samstæðu | ( 327) | 0 | ( 327) |
| Tekjur utan samstæðu | 25.643 | 15.560 | 41.203 |
| Framlegð | 5.557 | 3.897 | 9.454 |
| EBITDA | 1.168 | 1.509 | 2.676 |
| EBIT | 146 | 1.223 | 1.369 |
| **Efnahagsreikningur** | | | |
| Fastafjármunir | 12.299 | 5.825 | 18.125 |
| Veltufjármunir | 4.197 | 3.182 | 7.378 |
| Eignir samtals | 16.496 | 9.007 | 25.503 |
| Langtímaskuldir | 4.502 | 3.203 | 7.705 |
| Skammtímaskuldir | 5.275 | 2.602 | 7.877 |
| Skuldir samtals | 9.777 | 5.805 | 15.582 |

8. **Sala**

| Sala greinist þannig: | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 27.240 | 20.000 |
| Vörusala | 6.664 | 5.643 |
| Sala samtals | 33.903 | 25.643 |

Skipting sölu eftir vörutegundum

| | | |
|---|---|---|
| Bensín og dísel | 17.567 | 14.281 |
| Flugvélaeldsneyti | 2.711 | 1.665 |
| Skipaeldsneyti | 6.959 | 4.053 |
| Annað eldsneyti | 0 | 1 |
| Aðrar vörur | 6.666 | 5.643 |
| Sala samtals | 33.903 | 25.643 |

9. **Kostnaðarverð seldra vara**

| Kostnaðarverð seldra vara greinist þannig: | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 22.631 | 16.225 |
| Aðrar vörur | 4.611 | 3.860 |
| Kostnaðarverð seldra vara samtals | 27.242 | 20.086 |

10. **Aðrar rekstrartekjur**

| Aðrar rekstrartekjur greinast þannig: | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Leigutekjur | 232 | 191 |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | 23 | 5 |
| Umboðslaun | 49 | 0 |
| Aðrar tekjur | 48 | 109 |
| Aðrar rekstrartekjur samtals | 352 | 305 |

11. **Laun og launatengd gjöld**

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Laun | 2.043 | 1.890 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 250 | 262 |
| Önnur launatengd gjöld | 154 | 296 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 2.448 | 2.448 |
| Meðalfjöldi starfsmanna umreiknað í ársverk | 391 | 212 |
| Stöðugildi í árslok | 268 | 255 |

## 12. Sölu- og dreifingarkostnaður

Sölu og dreifingarkostnaður greinist þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Dreifingarkostnaður | 1.065 | 765 |
| Markaðskostnaður | 305 | 295 |
| Húsnæðiskostnaður | 557 | 753 |
| Sölu og dreifingarkostnaður samtals | 1.926 | 1.813 |

## 13. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 338 | 252 |
| Húsnæðiskostnaður | 60 | 32 |
| Upplýsingatækni | 198 | 149 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 596 | 433 |

## 14. Þóknanir til endurskoðenda

Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:

| | 2 | |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 17 | 22 |
| Önnur þjónusta | 11 | 16 |
| Þóknun til endurskoðanda samtals | 28 | 39 |

## 15. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af handbæru fé | 1 | 1 |
| Vaxtatekjur af skuldabréfum | 3 | 1 |
| Vaxtatekjur af kröfum | 14 | 22 |
| Gangvirðisbreyting af veltuhlutabréfum | 0 | 97 |
| Fjármunatekjur samtals | 18 | 121 |

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld | 370 | 313 |
| Gengismunur | 80 | 9 |
| Fjármagnsgjöld samtals | 451 | 322 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 433 | 201 |

## 16. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstarreikningi greinist þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Ógreiddur tekjuskattur | 178 | 208 |
| Frestaður tekjuskattur | (86) | (20) |
| Gjaldfærður tekjuskattur | 92 | 188 |

Virkur tekjuskattur í rekstrareikningi greinist þannig:

| | 2021 | | 2020 | |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 328 | | 980 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 20,00% | 66 | 20,00% | 196 |
| Áhrif skatthlutfalla hjá erlendu dótturfélagi | 0,00% | 0 | (2,14%) | (21) |
| Áhrif eignarhluta í félögum | 9,86% | 32 | 2,08% | 20 |
| Aðrir liðir | (1,83%) | (6) | (1,38%) | (6) |
| Tekjuskattur í rekstrarreikningi | 28,04% | 92 | 19,21% | 189 |

## 17. Óefnislegar eignir

Viðskiptavild er prófuð fyrir virðisrýrnun árlega. Eignir voru metnar á gangvirði á kaupdegi.

Viðskiptavild greinist þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Viðskiptavild 1.1 | 3.947 | 3.545 |
| Viðbót vegna kaupa á dótturfélagi | 1.735 | 106 |
| Þýðingarmunur | (141) | 296 |
| Sala á dótturfélagi | (2.225) | |
| Viðskiptavild 31.12. | 3.315 | 3.947 |

## 17. Óefnislegar eignir frh.

*Virðisrýrnunarpróf viðskiptavildar*

Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs var endurheimtanlegt virði metið útfrá nýtingarvirði þeirra sjóðskapandi eininga sem viðskiptavildin tilheyrir. Viðskiptavild sem myndast hefur við kaup hefur verið útdeilt niður á viðeigandi dótturfélög sem skilgreind eru sem minnstu mögulegu aðgreinanlegu sjóðskapandi einingar af stjórnendum samstæðunnar. Viðskiptavild greinist þannig niður á sjóðskapandi einingar:

| | Viðskiptavild | |
|---|---|---|
| | 2021 | 2020 |
| Ísland | 3.315 | 1.457 |
| Færeyjar | 0 | 2.490 |
| Samtals | 3.315 | 3.947 |

Endurheimtanlegt virði sjóðskapandi eininganna er byggt á notkunarvirði þar sem áætlað framtíðar sjóðstreymi eininganna miðað við áframhaldandi notkun var núvirt með veginni ávöxtunarkröfu einingarinnar. Fjárflæðið var byggt á rekstraráætlun eininganna sem var gerð af stjórnendum félaganna og samþykkt af viðkomandi stjórn.

Lykilforsendur sem stuðst er við í mati á notkunarvirði er mat stjórnenda á framtíðarþróun á eldsneytismarkaði og byggja þær á upplýsingum frá utanaðkomandi aðilum ásamt sögulegu gengi félaganna. Notkunarvirði eininganna var byggt á eftirfarandi lykilforsendum:

| | Ísland | | Færeyjar | |
|---|---|---|---|---|
| | 2021 | 2020 | 2021 | 2020 |
| Langtímavöxtur | 3,5% | 2,5% | - | 0,5% |
| Meðalvöxtur framlegðar (5ár) | 0,8% | 0,8% | - | -3,0% |
| Meðalvöxtur EBITDA (5ár) | 5,0% | 5,0% | - | -3,0% |
| WACC | 10,2-10,9% | 8,0% | - | 7,0% |
| Skuldsetning | 47,0% | 60,0% | - | 50,0% |
| Vaxtagjöld | 6,8% | 4,7% | - | 2,3% |

Raunhæfar breyting á lykilforsendum myndi ekki leiða til virðisrýrnunar í sjóðseiningunum.

## 18. Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Viðskipta-sambönd | Hugbúnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Aðrar óefnislegar eignir 1.1.2020 | 372 | 277 | 647 |
| Viðbót á árinu | 0 | 10 | 10 |
| Afskrifað á árinu | 0 | ( 46) | ( 46) |
| Þýðingarmunur | 31 | 37 | 68 |
| Aðrar óefnislegar eignir 31.12.2020 | 403 | 279 | 682 |
| Viðbót á árinu | 11 | 58 | 69 |
| Afskrifað á árinu | 0 | ( 11) | ( 11) |
| Þýðingarmunur | 0 | 0 | 0 |
| Aflögð starfsemi | ( 403) | ( 326) | ( 740) |
| Aðrar óefnislegar eignir 31.12.2021 | 11 | 0 | 11 |
| | | | |
| Afskriftarhlutföll | 5% | 10% | |

## 19. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Olíustöðvar og fasteignir | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Heildarverð** | | | |
| Heildarverð 1.1.2020 | 15.469 | 3.490 | 18.958 |
| Viðbót á árinu | 697 | 390 | 1.087 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 156) | ( 85) | ( 241) |
| Þýðingarmunur | 380 | 228 | 608 |
| Heildarverð 31.12.2020 | 16.389 | 4.023 | 20.412 |
| Yfirtekið í samruna | 542 | 182 | 724 |
| Viðbót á árinu | 677 | 284 | 961 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 0) | ( 0) |
| Aflögð starfsemi | ( 3.821) | ( 1.656) | ( 5.477) |
| Heildarverð 31.12.2021 | 13.786 | 2.833 | 16.620 |

19. Rekstrarfjármunir frh.

**Afskriftir**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Afskrifað 1.1.2020 | 6.323 | 1.822 | 8.145 |
| Afskrifað á árinu | 614 | 352 | 966 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 48) | ( 67) | ( 115) |
| Þýðingarmunur | 62 | 89 | 152 |
| Afskrifað 31.12.2020 | 6.951 | 2.196 | 9.148 |
| Afskrifað á árinu | 616 | 259 | 875 |
| Selt á árinu | 0 | ( 5) | ( 5) |
| Aflögð starfsemi | ( 1.344) | ( 1.237) | ( 2.581) |
| Afskrifað 31.12.2021 | 6.224 | 1.213 | 7.437 |

**Leigueignir**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nýtingarréttur 1.1.2020 | 1.462 | 24 | 1.486 |
| Verðbætur á árinu | 49 | 0 | 49 |
| Áhrif nýrra og aflagðra samninga | 368 | 24 | 392 |
| Afskrifað á árinu | ( 258) | ( 11) | ( 269) |
| Þýðingarmunur | 24 | 0 | 24 |
| Nýtingarréttur 31.12.2020 | 1.646 | 36 | 1.682 |
| Verðbætur á árinu | 60 | 119 | 179 |
| Áhrif nýrra og aflagðra samninga | 180 | 4 | 184 |
| Afskrifað á árinu | ( 224) | ( 11) | ( 235) |
| Aflögð starfsemi | ( 193) | 0 | ( 193) |
| Nýtingarréttur 31.12.2021 | 1.469 | 148 | 1.617 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1.1.2020 | 10.608 | 1.691 | 12.299 |
| Bókfært verð 31.12.2020 | 11.083 | 1.862 | 12.946 |
| Bókfært verð 31.12.2021 | 9.031 | 1.768 | 10.799 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Afskriftarhlutföll | 2-9% | 8-25% | |
| Áætlaður nýtingartími | 11 - 50 ár | 4 - 13 ár | |

| Afskriftir ársins skiptast þannig: | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Afskrift óefnislegra eigna | 11 | 77 |
| Afskrift rekstrarfjármuna og leigueigna | 1.110 | 1.230 |
| Samtals | 1.121 | 1.307 |

*Virðisrýrnunarpróf rekstrarfjármuna*

Stjórnendur könnuðu hvort til staðar væri vísbending um virðisrýrnun rekstrarfjármuna og niðurstaðan var sú að ekki væri til staðar vísbendingar um virðisrýrnun.

20. Fasteignamat og vátryggingarverð

Vátryggingarverð mannvirkja á Íslandi nam í lok árs 2021 samtals 10.674 millj. kr. (2020: 9.532 millj. kr.). Fasteignamat mannvirkja og lóða nam í lok árs 2021 samtals 3.638 millj. kr. (2020: 3.995 millj. kr.). Vátryggingarverð véla, áhalda og tækja félagsins nam í árslok 2021 samtals 1.697 millj. kr. (2020: 1.898 millj. kr.).

21. Veðsetningar

Til tryggingar skulda hefur Skeljungur og dótturfélög skrifað undir veðsamninga við viðskiptabanka um veð í hluta af olíustöðvum, fasteignum og varalegum rekstrarfjármunum. Auk þess er Íslandsbanki með veð í hluta af vörubirgðum og innstæðum á reikningum.

## 22. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir samstæðunnar í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | | 2021 | | 2020 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Eignarhlutur | Hlutdeild í afkomu | Bókfært verð | Hlutdeild í afkomu | Bókfært verð |
| Vegsauki ehf., Ísland | 50,0% | 1 | 20 | ( 0) | 18 |
| S/P Orkufelagid, Færeyjar | 48,0% | 0 | 2.422 | 0 | 0 |
| Brauð og co., Ísland | 38,4% | 8 | 134 | 0 | 0 |
| EAK ehf., Ísland | 33,3% | 31 | 114 | ( 35) | 83 |
| Fjölver ehf., Ísland | 33,3% | ( 1) | 9 | 0 | 10 |
| EBK ehf, Ísland | 25,0% | 1 | 133 | ( 24) | 132 |
| Wedo ehf, Ísland | 25,0% | ( 211) | 135 | ( 44) | 118 |
| Önnur félög | | 9 | 226 | 14 | 160 |
| Eignarhluti í hlutdeildarfélögum samtals | | ( 162) | 3.193 | ( 89) | 521 |

Á árinu jók félagið eignarhlut sinn í Brauð og co. ehf. um 13,39% fyrir 36 millj.kr. Félagið tók þátt í hlutafjárútboði hjá Wedo ehf. fyrir 227,5 millj.kr. og eignaðist 48% hlut í færeyska félaginu Sp/f Orkufelagid fyrir 2.422 millj.kr. en það á 100% hlut í P/F Magn. Orkufelagid hóf starfsemi í lok árs 2021

Á undirritunardegi ársreiknings lágu ekki fyrir ársuppgjör hjá öllum hlutdeildarfélögum samstæðunnar og í þeim tilfellum var hlutdeild í afkomu byggð á fyrirliggjandi rekstrarupplýsingum frá viðkomandi félögum.

## 23. Langtímakröfur

Langtímakröfur greinast þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi langtímakröfur | 393 | 56 |
| Næsta árs afborgun | ( 12) | ( 27) |
| Langtímakröfur | 381 | 29 |

## 24. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 2.834 | 1.564 |
| Smurolía | 241 | 328 |
| Aðrar birgðir | 625 | 812 |
| Vörubirgðir samtals | 3.700 | 2.705 |

Félagið notar afleiðusamninga til að verjast sveiflum á markaðsvirði birgða. Markmið er eingöngu að lágmarka sveiflur sem olíuverð hefur á samstæðuna. Að jafnaði eru afleiðusamningarnir ekki til lengri tíma en 45 daga. Afkoma af þeim er færð meðal birgða sem verið er að verja og færðar í rekstrarreikning á sama tíma og þær eru seldar (skýring 33.).

## 25. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Nafnverð viðskiptakrafna | 3.156 | 3.340 |
| Niðurfærsla krafna | ( 61) | ( 195) |
| Viðskiptakröfur samtals | 3.095 | 3.145 |

Hægt er að finna frekari upplýsingar um láns- og gengisáhættu og virðisrýrnun (niðurfærslu) viðskiptakrafna í skýringu um áhættustýringu (skýring 33.).

## 26. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Kröfur á hið opinbera | 98 | 89 |
| Næsta árs afborgun langtímakrafna | 16 | 42 |
| Aðrar kröfur | 64 | 21 |
| Fyrirfram greiddur kostnaður | 0 | 77 |
| Aðrar skammtímakröfur í lok ársins | 177 | 229 |

## 27. Eigið fé

### (i) Hlutafé

Hlutafé félagsins nam í árslok 1.936 millj. kr. samkvæmt samþykktum þess (2020: 1.986 millj. kr.). Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins með áskrift nýrra hluta um allt að 811 þús.kr. til þess að efna skuldbindingar gagnvart starfsmönnum Skeljungs hf. og dótturfélaga vegna kaupa á hlutafé í félaginu.

### (ii) Yfirverðsreikningur eigin fjár

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt.

### (iii) Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Við færslu í lögbundinn varasjóð skal ráðstafa 10% af hagnaði ársins þar til 10% af nafnverði hlutafjár er náð og eftir það 5% af hagnaði ársins þar til 25% af nafnvirði hlutafjár er náð. Eftir það er ekki krafist frekar færslu í lögbundinn varasjóð.

### (iv) Varasjóður vegna kaupréttarsamninga

Þann 9. nóvember 2014 var forstjóra og fjármálastjóra dótturfélagsins Magn í Færeyjum veittur kaupréttur á hlutum í félaginu á genginu 2,82. Þann 31. október 2017 nýttu kaupréttarhafar 97% af kaupréttinum. Á árinu 2020 voru 811.078 hlutir innleystir. Eftir standa réttindi til að kaupa 811.078 hluti í félaginu en réttindin ávinnast við uppsögn. Samkvæmt samþykktum hefur stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé til að mæta framangreindum skuldbindingum. Þá hefur félagið lagt í sérstakan varasjóð til að mæta þessari skuldbindingu og kostnaður vegna kauprétta hefur verið gjaldfærður að fullu. Framangreind réttindi voru uppgerð að fullu í ársbyrjun 2022 samhliða sölu á Magn.

### (v) Þýðingarmunur

Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlendra dótturfélaga vegna áhættuvarnar hreinnar fjárfestingar en tilgangur varnarinnar er að draga úr gengisáhrifum vegna eignarhluta í dótturfélaginu Magn.

Þann 21. apríl 2017 byrjaði félagið að beita áhættuvarnarreikningsskilum um hreina fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast milli starfrækslugjaldmiðils dótturfélagsins Magn P/F, í dönskum krónum, og starfrækslugjaldmiðils félagsins, í íslenskum krónum. Fjárfesting félagsins í Magn var varin að hluta með lántöku félagsins í dönskum krónum. Þýðingarmunur var innleystur í árslok 2021 samhliða sölu á öllu hlutafé í Magn.

Félagið mælir virkni áhættuvarnarinnar út frá fjárhæð hreinnar eignar sem varin er. Að svo miklu leyti sem áhættuvörnin er virk er þýðingamunurinn vegna lántökunnar færður í aðra heildarafkomu og safnast inn á áhættuvarnarreikning meðal eiginfjár. Félagið endurflokkaði þýðingarmuninn af eigin fé yfir í rekstrarreikning með sölu á Magn. Þýðingarmunur ársins er birtur í sérlínu í yfirliti um heildarafkomu og uppsafnaður þýðingarmunur í eiginfjáryfirliti.

### (vi) Bundinn reikningur vegna afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga

Bundið eigið fé inniheldur hlutdeild í uppsöfnuðum hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélaga sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum.

### (vii) Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé sýnir uppsafnaðan hagnað samstæðunnar að frádregnu framlagi í lögbundinn varasjóð og arðgreiðslum. Óráðstöfuðu eigin fé er unnt að ráðstafa til hluthafa í formi aðgreiðslna.

### (viii) Arður

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði út arður að fjárhæð 500 milljónir króna til hluthafa á árinu 2022 vegna rekstrarársins 2021. Stjórn félagsins mun á aðalfundi leggja fram tillögu um endurkaup á eigin hlutum.

### (ix) Eiginfjárstýring

Stefna stjórnar félagsins er að viðhalda sterkri eiginfjárstöðu til að tryggja framtíðarþróun félagsins.

Félagið hefur sett sér arðgreiðslustefnu og stefnt er að því greiða árlega til hluthafa 30-50% af hagnaði í formi arðgreiðslna eða endurkaupa á hlutum. Forsendur arðgreiðslu eru að félagið haldist fjárhagslega sterkt m.a. með tilliti til lausafjár sem og að allir skilmálar fjármögnunarsamninga félagsins heimili slíka útgreiðslu. Eiginfjárhlutfall í árslok 2021var 50,7% (2020: 38,9%).

Það voru engar breytingar á eiginfjárstýringu félagsins á árinu og félagið þarf ekki að uppfylla nein ytri skilyrði um lágmarks eiginfjárhlutfall umfram þau sem koma fram í lánasamningum.

## 28. Hagnaður á hlut

**Grunn- og þynntur hagnaður á hlut**

| | 2021 | 2020 |
|---|---:|---:|
| Hagnaður ársins (eigendur móðurfélags) | 6.108 | 759 |

**Vegið meðaltal útistandandi hluta**

| | 2021 | 2020 |
|---|---:|---:|
| Hlutir 1. janúar | 1.986 | 1.986 |
| Áhrif lækkunar eigin bréfa | (41) | (21) |
| Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta | 1.944 | 1.965 |
| Grunnhagnaður á hlut | 3,14 | 0,39 |

**Þynnt vegið meðaltal útistandandi hluta**

| | 2021 | 2020 |
|---|---:|---:|
| Hlutir 1. janúar | 1.986 | 1.986 |
| Áhrif lækkunar eigin bréfa | (41) | (21) |
| Áhrif kaupréttarsamninga | 1 | 1 |
| Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta | 1.945 | 1.966 |
| Þynntur hagnaður á hlut | 3,14 | 0,39 |

**Hagnaður á hlut, áframhaldandi starfsemi**

| | 2021 | 2020 |
|---|---:|---:|
| Hagnaður ársins (eigendur móðurfélags) | 237 | (139) |

**Vegið meðaltal útistandandi hluta**

| | 2021 | 2020 |
|---|---:|---:|
| Hlutir 1. janúar | 1.986 | 1.986 |
| Áhrif lækkunar eigin bréfa | (41) | (21) |
| Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta | 1.944 | 1.966 |
| Þynntur hagnaður á hlut | 0,12 | (0,07) |

**Þynnt vegið meðaltal útistandandi hluta**

| | 2021 | 2020 |
|---|---:|---:|
| Hlutir 1. janúar | 1.986 | 1.986 |
| Áhrif lækkunar eigin bréfa | (41) | (21) |
| Áhrif kaupréttarsamninga | 1 | 1 |
| Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta | 1.945 | 1.966 |
| Þynntur hagnaður á hlut | 0,12 | (0,07) |

**Hagnaður á hlut, aflögð starfsemi**

| | 2021 | 2020 |
|---|---:|---:|
| Hagnaður ársins (eigendur móðurfélags) | 5.861 | 931 |

**Vegið meðaltal útistandandi hluta**

| | 2021 | 2020 |
|---|---:|---:|
| Hlutir 1. janúar | 1.986 | 1.986 |
| Áhrif lækkunar eigin bréfa | (41) | (21) |
| Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta | 1 | 1.966 |
| Þynntur hagnaður á hlut | 3,01 | 0,47 |

**Þynnt vegið meðaltal útistandandi hluta**

| | 2021 | 2020 |
|---|---:|---:|
| Hlutir 1. janúar | 1.986 | 1.986 |
| Áhrif lækkunar eigin bréfa | (41) | (21) |
| Áhrif kaupréttarsamninga | 1 | 1 |
| Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta | 1.945 | 1.966 |
| Þynntur hagnaður á hlut | 3,01 | 0,47 |

## 29. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---:|---:|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 392 | 403 |
| Þýðingarmunur | (21) | 58 |
| Tekið inn í samstæðu | 127 | 0 |
| Aflögð starfssemi | (366) | 0 |
| Tekjuskattur vegna eiginfjárhreyfinga | 29 | (96) |
| Reiknaður tekjuskattur af áframhaldandi starfsemi | 92 | 192 |
| Tekjuskattur til greiðslu | (178) | (207) |
| Mismunur á áætluðum og álögðum gjöldum fyrra árs og aðrir liðir | (45) | 42 |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 30 | 392 |

## 29. Tekjuskattsskuldbinding frh.

Tekjuskattskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | ( 417) | 719 |
| Óefnislegar eignir | 7 | 71 |
| Frestaður söluhagnaður um tvenn áramót | 530 | 0 |
| Vörubirgðir | 20 | 139 |
| Viðskiptakröfur | 47 | ( 19) |
| Frestun gengismunar | ( 43) | ( 70) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | ( 117) | ( 403) |
| Aðrir liðir | 3 | ( 45) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins | 30 | 392 |

Í árslok 2021 nemur yfirfæranlegt skattalegt tap samstæðufélaga 0,5 milljarði króna. Tapið er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá að það fellur til. Skeljungur hf. seldi á árinu rekstur og viðskiptavild til dótturfélaga og myndaði skattalegan hagnað og er skattlagningu hans frestað um tvenn áramót, frestunin nemur um 2,6 milljörðum króna og skatturinn því um 417 milljónir króna.

## 30. Leiguskuldbindingar

Samstæðan leigir verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þessir leigusamningar eru að jafnaði til 5-25 ára með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans. Auk þess leigir samstæðan ökutæki og eru þeir samningar að jafnaði til 1-3 ára með möguleika á enurnýjun í lok leigutímans.

Leiguskuldbinding greinist þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Leiguskuldbinding 1.1 | 1.820 | 1.600 |
| Afborgarnir leigusamninga | ( 183) | ( 242) |
| Nýjir samningar | 329 | 437 |
| Aflögð starfsemi og þýðingarmunur | ( 183) | 25 |
| Leiguskuldbinding 31.12 | 1.783 | 1.820 |

Áhrif leigusamninga í rekstrarreikningi greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld á leiguskuldir | 100 | 103 |
| Afskrift leigueigna | 257 | 255 |

*Gjaldagreining*

| | | |
|---|---|---|
| Innan árs | 301 | 212 |
| Eftir ár en innan 5 ára | 919 | 738 |
| 5 ár og síðar | 815 | 871 |
| Ónúvirtar greiðslur alls | 2.035 | 1.820 |

## 31. Vaxtaberandi skuldir

Þessi skýring veitir upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Skýring um áhættustýringu (skýring 33.) inniheldur frekari upplýsingar um vaxtaáhættu, gjaldmiðlagengisáhættu og lausafjáráhættu.

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Staða vaxtaberandi skulda 1.1. | 8.606 | 6.527 |
| Lántaka á árinu | 2.422 | 3.107 |
| Afborganir vaxtaberandi lána | ( 535) | ( 1.792) |
| Breytingar tengdar fjármögnunarhreyfingum | 1.888 | 1.316 |
| Gengismunur | ( 1.883) | 763 |
| Aðrar breytingar tengdar vaxtaberandi skuldum | ( 1.883) | 763 |
| Staða vaxtaberandi skulda 31.12. | 8.611 | 8.606 |

### Langtímaskuldir

| | | |
|---|---|---|
| Óverðtryggð langtímalán ISK | 848 | 507 |
| Langtímalán í erlendum gjaldmiðlum | 2.474 | 5.728 |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir með næsta árs afborgunum | 3.322 | 6.236 |
| Næsta árs afborgun | ( 255) | ( 531) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 3.066 | 5.705 |

### Skammtímaskuldir

| | | |
|---|---|---|
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 255 | 531 |
| Skammtímaskuldir við lánastofnanir | 5.290 | 2.370 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 5.545 | 2.901 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | 8.611 | 8.606 |

Skilmálar vaxtaberandi skulda

| | | 2021 | | 2020 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Lokagjalddagar | Meðalvextir | Bókfært verð | Meðalvextir | ókfært verð |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | | | | | |
| Langtímaskuldir í DKK | 2029 | 3,0% | 2.474 | 2,5% | 5.728 |
| Skammtímalán í USD | 2022 | 3,6% | 1.701 | 3,7% | 264 |
| | | | 4.175 | | 5.992 |
| Skuldir í íslenskum krónum: | | | | | |
| Óverðtr. langtímalán | 2030 | 4,7% | 848 | 3,4% | 507 |
| Óverðtr. skammtímalán | 2022 | 4,4% | 3.588 | 2,9% | 2.106 |
| | | | 4.436 | | 2.614 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | | | 8.611 | | 8.606 |

| Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár: | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| 2021 | - | 531 |
| 2022 | 255 | 539 |
| 2023 | 257 | 548 |
| 2024 | 235 | 557 |
| 2025 | 236 | 567 |
| 2026 | 192 | 577 |
| Síðar | 2.147 | 2.917 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 3.322 | 6.236 |

Í lánasamningum koma fram ýmis fjárhagsleg skilyrði sem félögin þurfa að uppfylla, svo sem um lágmarks eigið fé og hámarks skuldsetningarhlutfall. Í lok ársins eru öll fjárhagsleg skilyrði lánasamninga uppfyllt.

## 32. Aðrar skammtímaskuldir

| Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig: | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Skuld við ríkissjóð | 2.926 | 1.453 |
| Ógreidd launatengd gjöld | 285 | 531 |
| Áfallnir vextir langtímalána | 14 | 5 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 142 | 116 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | 3.367 | 2.104 |

## 33. Áhættustýring

### Yfirlit

Helstu fjárhagslegu áhættur sem samstæðan býr við eru: lánsáhætta, lausafjáráhætta og markaðsáhætta. Markaðsáhætta samanstendur af vaxtaáhættu, olíuverðsáhættu og gjaldeyrisáhættu.

Í þessari skýringu eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

### Áhættustýring

Stjórn, ásamt forstjóra, hefur forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félagsins auk þess að koma á virku kerfi innra eftirlits. Áhættustjóri starfar undir framkvæmdastjórn Skeljungs og hefur það hlutverk að staðreyna virkni áhættustýringar innan fyrirtækisins. Áhættustýring félagsins er framkvæmd af stjórnendum félagsins í samræmi við reglur sem stjórn félagsins samþykkir. Markmið félagsins er að stýra áhættu á skilvirkan hátt og tryggja meðvitund um gagnsæi áhættustýringar á öllum stigum, allt frá stjórn niður á einstaka starfsmenn. Áhættustýring félagsins miðast að því að áhætta sé í samræmi við áhættuvilja og stefnu félagsins og þannig stuðla að auknum stöðuleika og langtímaarðsemi.

### Lánsáhætta

Lánsáhætta eða mótaðilaáhætta, er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar af völdum þess að lánardrottinn, leigusali, birgi, viðskiptavinur eða annar mótaðili uppfylli ekki samningsbundnar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Lánsáhætta ræðst einkum af aldri viðskiptakrafna, fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptavina, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í en þar eru samgöngur, sjávarútvegur og verktakar. 81,52% (2020: 63,4%) af stöðu viðskiptakrafna í lok ársins er vegna 30 stærstu viðskiptakrafna félagsins.

Samstæðan færir niður viðskiptakröfur og aðrar kröfur vegna áætlaðrar virðisrýrnunar. Niðurfærslan er bæði sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptakrafna og almenn niðurfærsla. Við mat á almennri niðurfærslu er byggt á sögulegri tapsreynslu, aldursgreiningu krafna og væntu efnahagsástandi. Almennt er krafa metin endanlega töpuð við gjaldþrot.

Samstæðan hefur sett sér reglur um lánsviðskipti, þar sem leitast er við að lágmarka áhættu þar sem horft er til fjárhagsstöðu, lánshæfismats og starfsemi einstakra viðskiptavina auk stöðu atvinnugreina stærstu viðskiptavina. Allir viðskiptavinir samstæðunnar sem eru í lánaviðskiptum eru með lánamörk á viðskiptareikningi sem þeir geta ekki farið yfir.

**Mögulegt tap vegna lánsáhættu**

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

| | Skýringar | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Langtímakröfur | 23. | 381 | 0 |
| Viðskiptakröfur og tengd félög | 25. | 3.095 | 3.608 |
| Aðrar skammtímakröfur | 26. | 177 | 133 |
| Handbært fé | | 8.265 | 506 |
| | | 11.918 | 4.248 |

**Virðisrýrnun**

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningsskiladegi voru eftirfarandi:

| | Nafnverð | Virðisrýrnun | ókfært verð |
|---|---|---|---|
| **Árið 2021** | | | |
| Ógjaldfallnar kröfur | 3.017 | ( 30) | 2.987 |
| Gjaldfallnar 0 - 30 daga | 89 | ( 9) | 80 |
| Gjaldfallnar 31 - 60 daga | 23 | ( 2) | 21 |
| Gjaldfallnar 61 - 90 daga | 10 | ( 3) | 7 |
| Gjaldfallnar eldri en 90 daga | 17 | ( 17) | 1 |
| | 3.157 | ( 61) | 3.095 |
| **Árið 2020** | | | |
| Ógjaldfallnar kröfur | 2.656 | 0 | 2.656 |
| Gjaldfallnar 0 - 30 daga | 399 | ( 32) | 368 |
| Gjaldfallnar 31 - 60 daga | 71 | ( 21) | 50 |
| Gjaldfallnar 61 - 90 daga | 162 | ( 110) | 52 |
| Gjaldfallnar eldri en 90 daga | 51 | ( 32) | 19 |
| | 3.340 | ( 195) | 3.145 |

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna innan ársins greinist þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 195 | 156 |
| Afskrifað á árinu | ( 12) | ( 16) |
| Bókfærð virðisrýrnun | ( 43) | 39 |
| Þýðingarmunur | 0 | 16 |
| Staða 31.12 | 140 | 195 |

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð meðal sölu- og dreifingarkostnaðar í rekstrarreikningi.

Viðskiptakröfur samstæðunnar greinast þannig í árslok eftir atvinnugreinum:

| | Nafnverð | Sérgreind niðurfærsla | Almenn niðurfærsla | ókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| **Árið 2021** | | | | |
| Sjávarútvegur | 613 | ( 0) | 0 | 613 |
| Samgöngur | 636 | ( 18) | ( 1) | 617 |
| Verktakar og landbúnaður | 1.418 | ( 29) | ( 5) | 1.385 |
| Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar | 489 | ( 7) | ( 1) | 481 |
| | 3.157 | ( 54) | ( 7) | 3.095 |
| **Árið 2020** | | | | |
| Sjávarútvegur | 667 | ( 8) | ( 8) | 651 |
| Samgöngur | 785 | ( 3) | ( 22) | 761 |
| Verktakar og landbúnaður | 1.317 | ( 2) | ( 17) | 1.298 |
| Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar | 570 | ( 80) | (55) | 435 |
| | 3.340 | ( 92) | ( 102) | 3.145 |

Aðrar fjáreignir með lánsáhættu eru ekki niðurfærðar þar sem ekki er metin veruleg tapsáhætta í þeim kröfum.

**Lausafjáráhætta**

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Samstæðan stýrir lausafé með það að markmiði að hafa alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum eftir því sem þær gjaldfalla, hvort sem er undir venjulegum eða óvenjulegum kringumstæðum, án þess að verða fyrir óásættanlegu tapi.

Lausafjárstaða samstæðunnar var sterk í árslok 2021 og stjórnendur hennar telja að félagið sé í góðri stöðu til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga. Til viðbótar við núverandi skuldir hefur samstæðan aðgang að lánalínum að fjárhæð rúmlega 5 milljörðum kr. sem er á gjalddaga á árinu 2023. Í árslok var samstæðan búin að draga 3,3 milljarðar kr. á lánalínur.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar vaxtagreiðslur greinast þannig:

| | Bókfært virði | Samtals | Innan árs | Eftir 1 - 3 ár | Eftir 3 - 5 ár | Eftir meira en 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Árslok 2021** | | | | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 8.611 | 8.962 | 5.463 | 654 | 561 | 2.284 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 5.820 | 5.820 | 5.820 | | | |
| | 14.431 | 14.782 | 11.283 | 654 | 561 | 2.284 |
| Leiguskuldbindingar | 1.783 | 2.035 | 210 | 394 | 283 | 1.149 |
| **Árslok 2020** | | | | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 6.527 | 7.803 | 1.089 | 1.774 | 1.301 | 3.639 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 5.850 | 5.850 | 5.850 | | | |
| | 12.377 | 13.653 | 6.939 | 1.774 | 1.301 | 3.639 |
| Leiguskuldbindingar | 1.600 | 1.913 | 208 | 337 | 290 | 1.077 |

**Markaðsáhætta**

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í gengi erlendra gjaldmiðla, olíuverði og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

(i) **Verðáhætta**

Veigamikil markaðsáhætta samstæðunnar er verðáhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á olíu en heimsmarkaðsverð hefur undanfarin ár verið afar sveiflukennt. Mismunur á innkaups- og söluverði getur haft bein áhrif á framlegð samstæðunnar. Þá getur hátt verð á olíu í einhverjum tilfellum dregið úr eftirspurn og þannig haft áhrif á afkomu. Dregið er úr áhættu með því að haga fyrirkomulagi við kaup og sölu með sambærilegum hætti í sérsamningum við stærstu viðskiptavini samstæðunnar. Samstæðan notar einnig framvirka samninga til að draga úr verðáhættu.

(ii) **Gengisáhætta**

Félagið býr við gengisáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og lántöku og eigna í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Viðskipti eiga sér aðallega stað í USD og EUR. Kaup á olíu myndar stærstan hluta innflutnings og eru þau viðskipti í USD en salan er að stórum hluta í ISK. Sala í ISK er 75% af heildarsölu (2020: 79,5%), USD 23,7% (2020: 19,1%) og aðrir gjaldmiðlar 1,3% (2020; 1,4%). Samhliða móttöku á dönskum krónum vegna sölu á P/F Magn var sölugengi gagnvart íslensku krónunni fest að hluta til skamms tíma. Þessar upphæðir eiga við um áframhaldandi starfsemi.

Fjallað er um áhrif gengisbreytinga vegna umreiknings reikningsskila erlendra dóttur- og hlutdeildarfélaga í skýringu 27.(v) en félagið býr við töluverða gengisáhættu vegna þessa.

Gengisáhætta samstæðunnar vegna fjáreigna og fjárskulda miðast við nafnverðsfjárhæðir og er eftirfarandi:

| 2021 | USD | EUR | DKK | Aðrir gjaldmiðlar |
|---|---|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 106 | 0 | 0 | 3 |
| Handbært fé | 8 | 51 | 7.199 | 7 |
| Vaxtaberandi skuldir | (1.322) | 0 | (2.474) | 0 |
| Viðskiptaskuldir | (1.165) | (79) | (26) | 0 |
| Langtímakröfur | 0 | 0 | 379 | 0 |
| Áhætta í efnahagsreikningi | (2.374) | (28) | 5.078 | 9 |

(ii) **Gengisáhætta frh.**

| 2020 | USD | EUR | DKK | Aðrir gjaldmiðlar |
|---|---|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 519 | 0 | 6 | 0 |
| Handbært fé | 44 | 15 | 10 | 0 |
| Vaxtaberandi skuldir | ( 264) | 0 | 0 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | ( 879) | ( 108) | ( 3) | ( 2) |
| Áhætta í efnahagsreikningi | ( 580) | ( 93) | 13 | ( 1) |

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:

| | Meðalgengi | | Gengi í lok árs | |
|---|---|---|---|---|
| | 2021 | 2020 | 2021 | 2020 |
| USD | 127,05 | 135,27 | 130,38 | 127,21 |
| EUR | 150,19 | 154,52 | 147,60 | 156,10 |
| DKK | 20,20 | 20,73 | 19,85 | 20,98 |

**Næmnigreining**

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum þann 31. desember hefði hækkað (lækkað) afkomu ársins eftir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir, að því gefnu að allar aðrar breytur, svo sem vextir, haldist stöðugar. Veiking krónunnar um 10% hefði haft gagnstæð áhrif. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2020.

| | Hagnaður (tap) | |
|---|---|---|
| | 2021 | 2020 |
| USD | 237 | 46 |
| EUR | 3 | 7 |
| DKK | ( 508) | ( 1) |
| Aðrir gjaldmiðlar | ( 1) | 0 |

**Vaxtaáhætta**

Vaxtaáhætta er fólgin í því að samstæðan verði fyrir neikvæðum áhrifum af vaxtabreytingum. Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi eignir samstæðunnar eru hins vegar mjög takmarkaðar og samstæðan stendur því frammi fyrir áhættu á hækkandi vöxtum. Hækkun á vöxtum leiðir til hækkunar á fjármagnsliðum og sjóðstreymisáhættu. Eins og fram kemur í umfjöllun um lausafjáráhættu þá leitast samstæðan við að eiga ávallt nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum.

Breyting á vöxtum á uppgjörsdegi um 100 punkta myndi hækka/lækka afkomu og eigið fé fyrir tekjuskatt um 86 millj. kr. (2020: 86 millj. kr.) vegna áhrifa breytilegra vaxta á lán samstæðunnar. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, svo sem gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2020.

**Önnur markaðsáhætta**

Önnur markaðsáhætta er tengd fjárfestingum í skuldabréfum og hlutabréfum og er metin óveruleg.

**Flokkun fjármálagerninga**

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í tiltekna flokka. Flokkun fjáreigna og fjárskulda hefur áhrif á það hvernig fjámálagerningar eru metnir eftir upphaflega skráningu í bókhald. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er sem hér segir:

- Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.
- Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar eftir bókfærðu verði.

| 2021 | Fjáreignir | Fjárskuldir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 3.095 | 0 | 3.095 |
| Aðrar kröfur | 177 | 0 | 177 |
| Handbært fé | 8.265 | 0 | 8.265 |
| Eignir samtals | 11.918 | 0 | 11.918 |
| | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 0 | 8.611 | 8.611 |
| Leiguskuldbindingar | 0 | 1.783 | 1.783 |
| Viðskiptaskuldir | 0 | 2.442 | 2.442 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 0 | 3.368 | 3.368 |
| Skuldir samtals | 0 | 16.204 | 16.204 |

(ii) Gengisáhætta frh.

| 2020 | Fjáreignir | Fjárskuldir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 3.608 | 0 | 3.608 |
| Aðrar kröfur | 133 | 0 | 133 |
| Handbært fé | 506 | 0 | 506 |
| Eignir samtals | 4.248 | 0 | 4.248 |
| | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 0 | 6.527 | 6.527 |
| Leiguskuldbindingar | 0 | 1.600 | 1.600 |
| Viðskiptaskuldir | 0 | 2.851 | 2.851 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 0 | 2.914 | 2.914 |
| Skuldir samtals | 0 | 13.893 | 13.893 |

**Mat á gangvirði**

Viðskiptakröfur og skammtímakröfur eru á gjalddaga innan árs og því ekki núvirtar þar sem óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar. Gangvirði skulda við lánastofnanir er vænt framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi. Þar sem skuldir við lánastofnanir eru á breytilegum vöxtum og bera vaxtaálag sem endurspeglar markaðsvexti er óverulegur munur á bókfærðu verði þeirra og gangvirði á hverjum tíma. Gangvirði fjáreigna og fjárskulda fellur undir stig 3 í stigveldi gangvirðis.

Afleiðusamningar sem samstæðan gerir til að verjast gjaldmiðlaáhættu eða áhættu vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á eldsneyti eru færðir á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning meðal kostnaðarverðs seldra vara. Gangvirði afleiðusamninga er óverulegt í árslok.

## 34. Rekstrarleigusamningar

**Leigutekjur**

Samstæðan leigir út húsnæði til ýmissa aðila. Sumir leigusamninganna hafa ótilgreindan leigutíma en leigutími annarra samninga er frá 2-10 árs. Leigutekjur á árinu 2021 námu 232 millj. kr. (2020: 201 millj. kr.). Flestir leigusamninganna eru verðtryggðir. Skuldbinding leigutaka með ótilgreindan leigutíma er aðeins reiknuð sem nemur hálfu ári. Ónúvirt skuldbinding leigutaka greinist þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Innan árs | 122 | 113 |
| Eftir 1-5 ár | 149 | 138 |
| Eftir meira en 5 ár | 26 | 37 |
| Samtals | 297 | 288 |

## 35. Tengdir aðilar

**Skilgreining tengdra aðila**

Stórir hluthafar, dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og lykilstjórnendur auk félaga í meirihlutaeigu þessara aðila teljast vera tengdir aðilar félagsins. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

| Viðskipti við hlutdeildarfélög | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Keyptar vörur og þjónusta | 308 | 120 |
| Seldar vörur og þjónusta | 57 | 13 |
| Kröfur í lok ársins | 2 | 18 |
| Skuldir í lok ársins | 10 | 4 |
| Skuldabréfaeign | 38 | 0 |

**Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda**

2021

| Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda greinast þannig: | Laun og hlunnindi | Mótframlag í lífeyrissjóð | Fjöldi hluta í árslok 2021* |
|---|---|---|---|
| Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður | 9 | 1 | 969.152 |
| Birna Ósk Einarsdóttir, varaformaður | 7 | 1 | 0 |
| Þórarinn Arnar Sævarsson, stjórnarmaður | 5 | 1 | 969.152 |
| Nanna Björk Ásgrímsdóttir, stjórnarmaður | 4 | 0 | 969.152 |
| Sigurður Kristinn Egilsson, stjórnarmaður | 4 | 1 | 0 |
| Dagný Halldórsdóttir, fv stjórnarmaður | 1 | 0 | 0 |
| Elín Jónsdóttir, fv stjórnarmaður | 1 | 0 | 0 |
| Árni Pétur Jónsson, forstjóri (lét af störfum 4.2.2022) | 72 | 12 | 0 |
| Framkvæmdastjórar sviða * | 182 | 26 | 0 |
| Samtals | 284 | 41 | |

**þúsundir hluta*

*Með framkvæmdastjórum er átt við fimm framkvæmdastjóra sviða en einn af þeim hætti í ágúst 2021. Áfallnar, ógreiddar bónusgreiðslur og launatengdar greiðslur eru inn í þessum fjárhæðum.

**Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda frh.**

**2020**

Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda greinast þannig:

| | Laun og hlunnindi | Mótframlag í lífeyrissjóð | Fjöldi hluta í árslok 2020 |
|---|---|---|---|
| Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður | 8 | 1 | 734.116 |
| Birna Ósk Einarsdóttir, varaformaður | 6 | 1 | 0 |
| Dagný Halldórsdóttir, stjórnarmaður | 4 | 1 | 1.250 |
| Elín Jónsdóttir, stjórnarmaður | 3 | 0 | 0 |
| Þórarinn Arnar Sævarsson, stjórnarmaður | 3 | 0 | 734.116 |
| Jens Meinhard Rasmussen, stjórnarmaður | 2 | 0 | 0 |
| Ata Maria Bærentsen, stjórnarmaður | 1 | 0 | 0 |
| Hendrik Egholm, f.v. forstjóri | 43 | 0 | 0 |
| Árni Pétur Jónsson, forstjóri * | 49 | 13 | 0 |
| Framkvæmdastjórar sviða * | 164 | 24 | 0 |
| Samtals | 284 | 40 | |

**þúsundir hluta*

*Með framkvæmdastjórum er átt við fimm manna framkvæmdastjórn, en einn af þeim hóf störf í september 2020. Bónusgreiðslur vegna uppgjörs á eldra kaupaaukakerfi, vegna 2019 og 2020 ásamt launatengdum greiðslum eru innifaldar í fjárhæðum hér að ofan.

Með eignarhlutum að ofan eru taldir eignarhlutir maka, ófjárráða barna og fjárráða einstaklinga með sama lögheimili ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendurnir ráða.

Engin lán hafa verið veitt stjórnarmönnum eða forstjóra félagsins.

## 36. Dótturfélög í samstæðunni

Eftirfarandi félög eru innifalin í samstæðureikningsskilunum

| | Eignarhlutur 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Gallon ehf. | 100% | |
| Gló veitingar ehf. | 100% | |
| Orkan IS ehf. | 100% | |
| Skeljungur IS ehf. | 100% | |
| Tollvörugeymsla Skeljungs ehf., Ísland | 100% | 100% |
| Löður ehf., Ísland | 100% | |
| Íslenska vetnisfélagið ehf., Ísland | 90% | 90% |
| Barkur ehf, Ísland | 66% | 66% |
| Lyfsalinn ehf., Ísland | 58% | |
| Lyfjaval ehf., Ísland | 58% | |
| Landakot fasteignafélag, Ísland | 58% | |
| P/F Magn, Færeyjar | 0% | 100% |
| P/F Demich, Færeyjar | 0% | 70% |

## 37. Sala á dótturfélagi

Þann 30. nóvember 2021 gerði samstæðan samning við Sp/f Orkufelagið um sölu á öllum hlutum í dótturfélaginu P/F Magn. Sölunni var lokið þann 30. desember 2021 og fluttust þá yfirráð yfir P/F Magn til kaupandans. Skeljungur fjárfesti í hlutabréfa í kaupanda, og færir samstæðan fjárfestingu sína í Sp/f Orkufelagið samkvæmt hlutdeildaraðferð (sjá nánar skýringu 22).

Afkoma P/F Magn sem færð er í rekstrarreikning undir línuheitinu aflögð starfsemi, greinist þannig:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Tekjur | 3.811 | 3.915 |
| Gjöld | ( 2.623) | -2.792 |
| Hagnaður fyrir skatta | 1.196 | 1.137 |
| Tekjuskattur | ( 205) | ( 206) |
| Söluhagnaður vegna aflagðrar starfsemi | 4.870 | 0 |
| Hagnaður vegna aflagðrar starfsemi | 5.861 | 931 |

Sjóðstreymi P/F Magn er meðtekið í sjóðstreymi samstæðunnar, og eru áhrifin eftirfarandi: Rekstrarhreyfingar 486 milljónir króna (2020: 1.223 millj.kr.), fjárfestingarhreyfingar -287 millj.kr. (2020: -226 millj.kr.) og fjármögnunarhreyfingar -502 millj.kr. (2020: -578 millj.kr).

37. **Sala á dótturfélagi frh.**

Hreinar eignir P/F Magn á söludegi voru eftirfarandi:

| | 30. desember 2021 |
|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 5.477 |
| Birgðir | 1.031 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.193 |
| Handbært fé | 358 |
| Langtímaskuldir | ( 2.557) |
| Tekjuskattsskuldbinding | -328 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | ( 2.769) |
| Viðskiptavild vegna P/F Magn | 1.476 |
| Hreinar eignir P/F Magn á söludegi | 4.880 |

**Söluverð**

| | |
|---|---|
| Handbært fé | 9.995 |
| Kostnaður vegna sölu | ( 245) |
| Söluverð alls | 9.750 |

**Söluhagnaður**

| | |
|---|---|
| Söluverð | 4.875 |
| Mínus: Hreinar eignir P/F Magn á söludegi | ( 4.880) |
| Söluhagnaður færður með aflagðri starfsemi | 4.870 |

**Hreint sjóðstreymi**

| | |
|---|---|
| Móttekið handbært fé | 10.353 |
| Mínus: Handbært fé P/F Magn á söludegi | -358 |
| Hreint sjóðstreymi vegna sölu á dótturfélagi | 9.995 |

38. **Samrunar fyrirtækja**

Á árinu keypti félagið allt hlutafé í tveimur dótturfélögum Gló og Port I, ásamt 58% hlut í Lyfsalanum. Í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IFRS 3 Sameiningar fyrirtækja* , var kaupverði dótturfélaganna útdeilt á yfirteknar aðgreinanlegar eignir og skuldir.

Áhrif yfirtöku á rekstrareiningum greinist þannig:

| | Gló | Port I | Lyfsalinn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Óefnislegar eignir | 0 | 0 | 768 | 768 |
| Rekstrarfjármunir | 53 | 494 | 919 | 1.466 |
| Vörubirgðir | 3 | 26 | 168 | 197 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 24 | 140 | 69 | 233 |
| Handbært fé | 12 | 115 | 127 | 254 |
| Yfirteknar eignir | 92 | 775 | 2.052 | 2.919 |
| | | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 0 | 9 | 118 | 128 |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 11 | 241 | 113 | 365 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 5 | 34 | 7 | 46 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 25 | 238 | 1.248 | 1.511 |
| Yfirteknar skuldir | 42 | 522 | 1.486 | 2.050 |
| | | | | |
| Hreinar aðgreinanlegar eignir alls | 50 | 253 | 565 | 868 |
| | | | | |
| Kaupverð greitt með peningum | 49 | 289 | 1.431 | 1.769 |
| Ógreitt kaupverð | 0 | 733 | 100 | 833 |
| Kaupverð alls | 49 | 1.022 | 1.531 | 2.602 |
| | | | | |
| Viðskiptavild við yfirtöku | ( 2) | 769 | 966 | 1.733 |

## 39. Önnur mál

Samhliða kaupum á 58% eignarhlut í Lyfsalanum ehf. var gerður kaup- og söluréttarsamningur við minnihlutaeigendur í félaginu. Forsendur fyrir nýtingu á sölurétti er að EBITDA afkoma Lyfsalans nái ákveðnum fjárhæðamörkum. Söluréttur verður virkur á tímabilinu 1. september 2023 til 20. september 2025. Kaupréttur er nýtanlegur á árinu 2025 og verður ekki lægri en 475 millj.kr. fyrir 42% eignarhluta.

Í janúarmánuði 2022 var tekin ákvörðun um að taka þátt í hlutafjáraukningu í hlutdeildarfélaginu Wedo ehf. Um er að ræða viðbótarfjárfestingu að fjárhæð 221,8 millj.kr. og verður eignarhlutur Skeljungs 33% í kjölfar hlutafjáraukningarinnar.

Marine Supply A/S, félag í Noregi, hefur höfðað mál gegn Skeljungi hf., P/F Magn, fyrrverandi forstjóra hjá Skeljungi og P/F Magn, einum núverandi stjórnanda hjá P/F Magn sem og fyrrum starfsmanni Marine Supply A/S. Marine Supply bera fyrir sig meinta ólögmæta meðhöndlun á trúnaðarupplýsingum í kjölfar óformlegra viðræða aðila um mögulegt samstarf í fyrirtækjarekstri árið 2018. Engar fjárkröfur hafa verið settar fram af hálfu stefnanda. Skeljungur hf. og P/F Magn hafna alfarið öllum ásökunum sem hafa verið settar fram í málinu og hafa tekið til varna í málinu fyrir dómstólum. Þann 19. nóvember 2021 kvað héraðsdómur Tromsö í Noregi upp dóm þar sem fallist á kröfu Marine Supply AS um viðurkenningu á sameiginlegri bótaskyldu fyrrum stjórnenda P/F Magn og Skeljungs og félaganna sjálfra vegna meintra brota á trúnaðaryfirlýsingu. Marine Supply AS gerir ekki fjárkröfu í málinu vegna meintra brota stefndu. Niðurstöðu héraðsdóms Tromsö var áfrýjað til áfrýjunardómstólsins í Hálogalandi 17. desember 2021. Málið líklegast tekið fyrir hjá áfrýjunardómstóli síðari hluta árs 2022.

Skeljungur hf. er með stjórnendatryggingu og telja stjórnendur að möguleg fjárkrafa vegna meints tjóns Marine Supply AS falli undir skilmála tryggingarinnar.

## 40. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Rekstur: | | |
| Framlegð í hlutfalli af sölu | 19,6% | 22,9% |
| EBITDA / Framlegð | 30,7% | 28,3% |
| EBIT / Framlegð | 13,9% | 14,5% |
| Laun / Framlegð | 36,7% | 42,8% |
| Sölu og dreifingarkostnaður / Framlegð | 28,9% | 25,5% |
| Rekstrarkostnaður / Framlegð | 74,6% | 75,1% |
| Arðsemi eigin fjár | 46,4% | 8,1% |
| Efnahagur: | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 1,30 | 0,94 |
| Lausafjárhlutfall - (veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir | 0,98 | 0,59 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA | 0,17 | 2,73 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn | 49,9% | 38,9% |
| Innra virði hlutafjár - eigið fé / hlutafé | 8,5 | 5,1 |

# Ársfjórðungsyfirlit - Óendurskoðað

| | 1F | 2F | 3F | 4F | 2020 | 1F | 2F | 3F | 4F | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 10.970 | 9.433 | 11.642 | 9.157 | 41.203 | 10.538 | 12.129 | 15.985 | 14.604 | 53.256 |
| Kostnaðarverð seldra vara | ( 8.641) | ( 7.148) | ( 8.983) | ( 6.977) | ( 31.748) | ( 8.188) | ( 9.648) | ( 13.053) | ( 11.909) | ( 42.797) |
| **Framlegð** | **2.329** | **2.285** | **2.659** | **2.181** | **9.454** | **2.350** | **2.481** | **2.933** | **2.695** | **10.459** |
| Aðrar rekstrartekjur | 48 | 81 | 81 | 112 | 323 | 62 | 77 | 83 | 144 | 365 |
| Laun og launatengd gjöld* | ( 999) | ( 1.031) | ( 944) | ( 1.073) | ( 4.047) | ( 982) | ( 893) | ( 878) | ( 1.122) | ( 3.876) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður* | ( 596) | ( 566) | ( 609) | ( 636) | ( 2.407) | ( 584) | ( 602) | ( 644) | ( 653) | ( 2.483) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 169) | ( 137) | ( 149) | ( 192) | ( 647) | ( 172) | ( 151) | ( 185) | ( 291) | ( 800) |
| | ( 1.764) | ( 1.733) | ( 1.703) | ( 1.901) | ( 7.101) | ( 1.739) | ( 1.647) | ( 1.708) | ( 2.066) | ( 7.159) |
| **EBITDA** | **614** | **633** | **1.038** | **391** | **2.676** | **673** | **911** | **1.038** | **774** | **3.665** |
| Afskriftir og virðisrýrnun rekstrarfjármuna | ( 312) | ( 331) | ( 331) | ( 333) | ( 1.307) | ( 335) | ( 337) | ( 362) | ( 386) | ( 1.420) |
| **EBIT** | **302** | **302** | **707** | **58** | **1.369** | **338** | **574** | **946** | **387** | **2.245** |
| Fjármunatekjur | 6 | 8 | 4 | 112 | 130 | 5 | 4 | 5 | 6 | 20 |
| Fjármagnsgjöld | ( 88) | ( 110) | ( 108) | ( 125) | ( 431) | ( 96) | ( 137) | ( 178) | ( 177) | ( 588) |
| | ( 82) | ( 101) | ( 104) | ( 13) | ( 301) | ( 91) | ( 133) | ( 173) | ( 171) | ( 568) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | ( 17) | ( 53) | ( 19) | 1 | ( 88) | ( 34) | ( 67) | ( 50) | ( 2) | ( 153) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **202** | **147** | **584** | **46** | **980** | **213** | **374** | **723** | **215** | **1.525** |
| Tekjuskattur | ( 43) | ( 33) | ( 113) | 1 | ( 188) | ( 43) | ( 82) | ( 149) | ( 23) | ( 297) |
| **Hagnaður tímabils** | **159** | **114** | **470** | **48** | **791** | **170** | **292** | **574** | **192** | **1.227** |
| Aflögð starfsemi | | | | | | | | | 4.871 | 4.871 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem síðar kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi.** | 256 | 16 | 101 | ( 77) | 295 | ( 91) | 57 | ( 12) | 880 | 834 |
| **(Heildartap) -hagnaður tímabils** | **415** | **130** | **572** | **( 30)** | **1.087** | **79** | **349** | **562** | **5.943** | **6.932** |

# **Stjórnarhátta**yfirlýsing

## 1. Stjórnarháttaumhverfi Skeljungs

Stjórn og stjórnendur Skeljungs hf. leggja ríka áherslu á að í starfsemi félagsins séu góðir stjórnarhættir hafðir að leiðarljósi. Góðir stjórnarhættir eru að mati stjórnar og stjórnenda undirstaða trausts og ábyrgrar stjórnunar en hvort um sig stuðlar að vandaðri ákvarðanatöku og góðum samskiptum milli hluthafa, stjórnar, starfsmanna og annarra hagaðila félagsins.

Þær reglur og leiðbeiningar varðandi stjórnarhætti, sem Skeljungur styðst við í starfsemi sinni, er að finna í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, markaðssvikareglugerð ESB, sbr. lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, reglum Nasdaq Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga,[1] 6. útgáfu af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja,[2] og hinum ýmsu reglum sem tengjast félaginu beint, til að mynda samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og undirnefnda, siðareglum, starfskjarastefnu félagsins, samfélagsábyrgðarstefnu og öðrum stefnuskjölum, sem finna má á heimasíðu félagsins[3] og í umfjöllun í ársreikningi félagsins um upplýsingagjöf um sjálfbærni (ófjárhagsleg upplýsingagjöf).

## 2. Helstu þættir í störfum stjórnar á starfsárinu

### 2.1. Stefnumörkun Skeljungs

Óhætt er að segja að störf stjórnar hafi litast af nokkrum stórum verkefnum á starfsárinu, þ.e. að fylgja eftir niðurstöðum stefnumörkunar um uppskiptingu Skeljungs, sölu dótturfélagsins P/F Magn í Færeyjum og að hefja sölu á verulegum hluta fasteigna félagsins.

Eins og flestir stjórnendur um allan heim hafði COVID-19 faraldurinn mikil áhrif á störf og starfshætti stjórnar, en í árangursmati kom fram að stjórn var almennt ánægð með viðbrögð og starfsemi félagsins tengd COVID-19 en eðlilega hafi tíma stjórnar og stjórnenda að miklum hluta verið varið í viðbrögð vegna faraldursins.

Fyrir hluthafafund 7.október 2021 voru lagðar fram tillögur, sem voru eftirfarandi og samþykktar með tilheyrandi uppfærslu á samþykktum félagsins:

- Tillaga um sölu dótturfélags Skeljungs hf. í Færeyjum, P/F Magn
- Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins
- Tillaga stjórnar um uppskiptingu rekstrar félagsins og stofnun dótturfélaga

Í tilkynningum frá Skeljungi hefur m.a. komið fram að stjórn Skeljungs hafi ákveðið að skerpa á áherslum í rekstri með uppskiptingu og stofnun þriggja nýrra og sjálfstæðra dótturfélaga um i) starfsemi á einstaklingssviði ii) starfsemi á fyrirtækjasviði og iii) starfsemi birgðastöðva. Ákvörðun stjórnar var háð samþykki hluthafa sem samþykkti uppskiptinguna á hluthafafundi 7. október, sbr. tilkynningu þar um þann sama dag.

Uppskiptingin kom til framkvæmda í desember 2021 og hafa þrjú sjálfstæð dótturfélög Skeljungs hf. tekið til starfa. Skeljungur hf. verður móðurfélag rekstrarfélaganna og munu verkefni þess í auknum mæli snúa að stýringu eignarhluta í rekstrarfélögunum auk annarra fjárfestinga eftir atvikum. Skeljungur hf. verður áfram skráð félag á hlutabréfamarkaði.

[1] http://business.nasdaq.com/list/Rules-and-Regulations/European-rules/nasdaq-iceland/index.html
[2] https://leidbeiningar.is/wp-content/uploads/2021/04/Stjornarhaettir_fyrirtaekja_2021_A5_IS_Vefur.pdf
[3] https://www.skeljungur.is/stefnur-reglur

## 2.2. Endurskoðun skipulags og stjórnarhátta

Eðli málsins samkvæmt hafði vinna við stefnumörkun um uppskiptingu félagsins, sölu P/M Magn og sölu á hluta fasteigna félagsins áhrif á hefðbundin störf stjórnar. Þar á meðal er endurskoðun skipulags stjórnarhátta samstæðu, en í stjórnarháttaryfirlýsingu stjórnar á árinu 2020 kom fram ítarleg lýsing á umfangsmikilli endurskoðun og uppfærslu stjórnarhátta með ytri ráðgjafa og hefur áfram verið unnið við að efla og styrkja góða stjórnarhætti innan félagsins.

Helstu úrbætur sem lokið hefur verið við eru eftirfarandi:

- Starfsreglur stjórnar uppfærðar
- Stjórnargátt endurskoðuð
- Starfsreglur undirnefnda stjórnar uppfærðar
- Starfslýsing forstjóra gerð
- Undirskriftarreglur Skeljungs uppfærðar
- Áhættustefna samþykkt

Við uppskiptingu félagsins og stofnun dótturfélaganna þriggja, hafa skipulag og stjórnarhættir á samstæðugrunni verið til endurskoðunar, þar á meðal heimfærsla stjórnarhátta samstæðunnar í heild til samræmis við leiðbeiningar VÍ um góða stjórnarhætti. Stjórnarmenn móðurfélagsins skipa í dag stjórnir dótturfélaganna þriggja og situr forstjóri móðurfélagsins fundi stjórna dótturfélaganna. Verkefni undirnefnda stjórnar móðurfélagsins ná ennfremur einnig til starfsemi dótturfélaganna þriggja og innri stefnur og reglur móðurfélagsins gilda um starfsemi þeirra eftir því sem við á.

Stjórnarhættir á samstæðugrunni verða áfram rýndir í ljósi nýrrar stefnu félagsins og samhliða innleiðingu á henni. Þá verða innri stefnur félagsins rýndar og uppfærðar eftir atvikum og innleiddar á samstæðugrunni, til samræmis við nýja stefnu félagsins og siðareglna sem samþykktar voru á árinu. Annað regluverk sem lýtur að stjórnarháttum verður ennfremur rýnt og uppfært þar sem við á.

# 3. Innra eftirlit og áhættustjórnun

## 3.1. Innra eftirlit

Það er hlutverk stjórnar, ásamt forstjóra, að hafa forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félagsins, bæði til skemmri og lengri tíma, og jafnframt að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits skuli vera formlegt og skjalfest og að virkni þess skuli sannreynd reglulega. Markmið með innra eftirlit að tryggja með sem bestu hætti skilvirkni í starfseminni, áreiðanlegar fjárhagslegar upplýsingar og hlítni við lög og reglur. Ekki er starfandi innri endurskoðandi hjá félaginu en ytri endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum.

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Endurskoðunarnefnd fer m.a. yfir helstu þætti innra eftirlits og áhættustýringakerfa í tengslum við reikningsskilaferlið.

## 3.2. Áhættustýring

Ný áhættustefna félagsins tók gildi 11. janúar 2021 og samhliða innleiðingu hennar var áhættunefnd lögð niður og verkefni áhættunefndar færð til áhættustjóra, framkvæmdastjórnar og endurskoðunarnefndar.

Samkvæmt nýsamþykktri áhættustefnu Skeljungs er stefna félagsins skilgreind með eftirfarandi hætti:

- Áhætta Skeljungs felst í mögulegum atburðum sem aftrað geta félaginu frá því að ná markmiðum sínum.
- Áhættustýring félagsins tekur tillit til allra flokka áhættu, s.s. á sviði fjárhags, rekstrar, umhverfis og gæða.
- Aðgerðir félagsins á sviði áhættustýringar miða að því að skilgreina, meta, mæla og stýra áhættu í starfsemi félagsins í samræmi við áhættuvilja þess og áhættuviðmið, sem stjórn skilgreinir frá einum tíma til annars.

Forstjóri ber ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu Skeljungs og áhættustýringu í daglegum rekstri félagsins og svarar fyrir gagnsemi og virkni áhættustýringar gagnvart stjórn. Þá bera framkvæmdastjórar Skeljungs ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu, greiningu á áhættu og áhættustýringu á þeim sviðum sem undir þá heyra.

Áhættustjóri vinnur þvert á deildir/svið félagsins og tryggir samræmda framkvæmd málaflokksins. Hann útbýr starfsáætlun sem samþykkt er af forstjóra að fengnu áliti framkvæmdastjórnar og endurskoðunarnefndar. Áhættustjóri

sér til þess að áhættuflokkar, áhættuvilji og áhættuviðmið séu skilgreind, að fenginni umsögn framkvæmdastjórnar og endurskoðunarnefndar.

Að lokum hefur framkvæmdastjórn Skeljungs ýmiskonar hlutverk við ráðgjöf, eftirfylgni og rýni í virkni áhættustefnu, áhættuvilja og áhættuviðmiða fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn.

Unnið var á árinu að margvíslegum aðgerðum til innleiðingar nýrrar áhættustefnu og má þar helst nefna:

- Nýtt skipulag áhættustýringar var unnið og samþykkt af framkvæmdastjórn og endurskoðunarnefnd, þar er lögð áhersla á að ferlið styðji við áhættustefnu félagsins og tryggi betrumbætur með stöðugri umræðu, upplýsingagjöf, eftirfylgni og endurmati.
- Áhættuvilji var skilgreindur og samþykktur af framkvæmdastjórn og endurskoðunarnefnd.
- Áhættuskrá er rýnd reglulega af áhættustjóra og framkvæmdastjórn, áður skilgreindar áhættur eru endurmetnar og metið hvort nýjar ógnir eru til staðar.
- Sérstak áhættumat var gert vegna uppskiptingar félagsins þar sem þekktar áhættur voru skilgreindar og metnar.

## 4. Dótturfélög Skeljungs

Frá ársbyrjun 2021 sameinuðust dótturfélögin Bensínorkan ehf., Basko ehf., 26 Fasteign ehf. og Langholt ehf. móðurfélaginu Skeljungi. Þá var dótturfélagið P/F Magn selt á árinu og samhliða því fjárfest í hlutdeildarfélaginu SP/F Orkufelagid í Færeyjum sem er 48,3% í eigu Skeljungs. Á árinu eignaðist Skeljungur allt hlutafé Port I ehf., móðurfélagi Löðurs ehf. og Dælunnar ehf. Þá eignaðist Skeljungur einnig 58% eignarhlut í Lyfsalanum ehf. Dótturfélög eru félög sem lúta yfirráðum samstæðunnar.

Eins og greinir í kafla 2.2. að framan hafa stjórnarhættir samstæðunnar verið til endurskoðunar með ytri ráðgjafa í því skyni að skilgreina hlutverk, umboð og ábyrgð á samstæðugrunni. Sú endurskoðun mun halda áfram á komandi ári, m.a. í ljósi stofnunar dótturfélaganna þriggja.

Starfsmenn Skeljungs sem sitja í stjórnum dóttur- eða hlutdeildarfélaga Skeljungs þiggja ekki laun fyrir slík störf.

### 4.1. Dótturfélögin

**Orkan IS ehf.** Starfsemin er einkum á sviði þjónustu til einstaklinga, svo sem rekstur þjónustustöðva Orkunnar, Extra, 10-11, Löðurs bílaþvottastöðva, apóteka Lyfsalans og Lyfjavals, Íslenska vetnisfélagsins og Gló. Félagið fer auk þess með eignarhald í félögunum Brauð & Co og WEDO (Heimkaup, Hópkaup, Bland).
Framkvæmdstjóri Orkunnar IS ehf. er tímabundið Ólafur Þór Jóhannesson.

**Skeljungur IS ehf.** Starfsemin er einkum sala og þjónusta við fyrirtæki, dreifing, innkaup og heildsala á eldsneyti, smurolíum, hreinsi- og efnavörum, áburði sem og öðrum vörum og þjónustuþáttum til fyrirtækja og bænda. Þjónusta og sala til stórnotenda, til útgerða, í flug og verktöku verður einnig hluti af starfseminni. Skeljungur IS er ennfremur umboðsaðili Shell á Íslandi og fer auk þess með eignarhald í Barki, EAK og Fjölveri.
Framkvæmdastjóri Skeljungs IS ehf. er Þórður Guðjónsson.

**Gallon ehf.** Starfsemin er einkum í rekstri og útleigu á birgðastöðvum um land allt ásamt rekstri birgðastöðva á flugvöllum. Í því felst m.a. móttaka birgðaskipa, afgreiðsla til skipa og í olíubíla. Gallon fer með eignarhald í EBK og Tollvörugeymslunni.
Framkvæmdastjóri Gallon ehf. er Már Erlingsson.

## 5. Stjórnskipan

Í samþykktum Skeljungs er ekki gert ráð fyrir kosningu fulltrúanefndar, sem samkvæmt 3. mgr. 73. gr. hlutafélagalaga skal, ef til hennar er stofnað, hafa eftirlit með því hvernig félagsstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins, svo og láta aðalfundi í té umsögn um hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Slíkri nefnd hefur því ekki verið komið á fót hjá félaginu.

### 5.1. Stjórn Skeljungs

Aðalfundur Skeljungs kýs árlega fimm stjórnarmenn til starfa í stjórn félagsins. Í samræmi við 24. gr. samþykkta félagsins fer stjórn þess með æðsta vald félagsins milli hluthafafunda og er hlutverk hennar að annast um öll málefni

félagins, taka ábyrgð á þeim og sjá til þess að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Ennfremur ber stjórn félagsins að hafa umsjón með að viðhlítandi stjórn sé á reikningshaldi félagsins og meðferð fjármuna þess.

Ítarlega er fjallað um helstu þætti í störfum stjórnar á starfsárinu í kafla 2 að framan.

## 5.2. Árangursmat stjórnar

Stjórn leggur árlega mat á árangur félagsins í heild og einnig á eigin störf, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda, frammistöðu forstjóra og annarra daglegra stjórnenda. Þá metur stjórnin þróun félagsins reglulega innan ársins og gætir að því að hún sé í samræmi við markmið þess. Sú vinnuregla hefur skapast að annað hvert ár er framkvæmt ítarlegt mat og annað hvert ár er framkvæmt sjálfsmat af hálfu stjórnarinnar. Af þessu tilefni framkvæmdi stjórn sjálf árangursmat í janúar 2022 fyrir árið 2021.

Niðurstöður matsins voru kynntar stjórn Skeljungs og farið var yfir niðurstöður þess með tilnefningarnefnd í janúar 2022.

## 5.3. Upplýsingar um stjórnarmenn

Stjórn Skeljungs hf.:

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON, STJÓRNARFORMAÐUR, TÓK FYRST SÆTI Í STJÓRN ÁRIÐ 2019

| | |
|---|---|
| *Fæðingarár:* | 1968 |
| *Menntun:* | Próf frá Verzlunarskóla Íslands. |
| *Aðalstarf:* | Fjárfestir. |
| *Starfsferill:* | Annar stofnanda Bónus, einn af stofnendum Orkunnar, forstjóri og stjórnarformaður Haga og síðar Baugur Group. Víðtæk stjórnunarreynsla, t.d. fyrir Iceland Foods og Magazin du Nord og fjölmörg önnur íslensk fyrirtæki. Sjálfstæður fjárfestir og ráðgjafi. |
| *Önnur trúnaðarstörf:* | Stjórnarformaður Strengs hf. og Strengs Holding ehf. Varamaður í stjórn 365 hf. og prókúruhafi Apogee ehf. |
| *Eignarhluti í Skeljungi:* | 365 hf. og önnur tengd félög eiga 38% hlut í Streng Holding ehf. Strengur Holding ehf. á 100% í Streng hf. Strengur ehf. á 969.152.089 hluti í Skeljungi eða sem nemur 50,06% atkvæða. 365 hf. er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs. |
| *Stöður hjá Skeljungi:* | Stjórnarformaður Skeljungs hf., stjórnarmaður í dótturfélögum Skeljungs hf. Formaður starfskjaranefndar Skeljungs. |
| *Hagsmunatengsl:* | RES II ehf. á 523.290 hluti í Skeljungi hf. RES II ehf. tengist Streng hf. og Streng Holding ehf. vegna stjórnarsetu, þar sem sami stjórnarmaður er meðstjórnandi í stjórn Strengs hf., Strengs Holding ehf. og RES II ehf. |

*Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Jón Ásgeir Jóhannesson óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess en hins vegar ekki óháður stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.*

BIRNA ÓSK EINARSDÓTTIR, VARAFORMAÐUR, TÓK FYRST SÆTI Í STJÓRN ÁRIÐ 2015

| | |
|---|---|
| *Fæðingarár:* | 1976 |
| *Menntun:* | B.Sc í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2001, M.Sc. í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands 2008, AMP (Advanced Management Program), IESE Business School, 2015. |
| *Aðalstarf:* | Chief Commercial Officer APM Terminals. |
| *Starfsferill:* | Ýmis sérfræði- og stjórnunarstörf hjá Símanum frá árinu 2001, t.a.m. kynningafulltrúi, ráðningastjóri, stjórnendaráðgjafi, forstöðumaður verkefnastofu og markaðsmála, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs, framkvæmdastjóri vöru- og nýsköpunarsviðs og framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs. Framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar 2017-2018. Framkvæmdastjóri þjónustuupplifunar og áður stefnumótunar og viðskiptaþróunar Icelandair, 2018-2019. Framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Icelandair hf. 2019-2022. |
| *Önnur trúnaðarstörf:* | Engin. |
| *Eignarhluti í Skeljungi:* | Enginn. |
| *Stöður hjá Skeljungi:* | Stjórnarstörf hjá Skeljungi hf. og dótturfélögum og seta í endurskoðunarnefnd Skeljungs. |
| *Hagsmunatengsl:* | Engin. |

*Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Birna Ósk Einarsdóttir óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.*

NANNA BJÖRK ÁSGRÍMSDÓTTIR, STJÓRNARMAÐUR, TÓK FYRST SÆTI Í STJÓRN ÁRIÐ 2021

| | |
|---|---|
| *Fæðingarár:* | 1974 |
| *Menntun:* | LLM Mastersgráða í Evrópurétti frá Háskólanum í Stokkhólmi 2001. Embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2000 og ýmsum námskeiðum frá Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands í viðskiptagreinum auk námskeiðum við Heimspekideild Háskóla Íslands. |
| *Aðalstarf:* | Eigin fjárfestingar. |
| *Starfsferill:* | Nanna Björk hefur verið í eigin fjárfestingum frá 2006 til dagsins í dag. Nanna Björk hefur viðtæka reynslu í smásölu og hefur komið að rekstri fyrirtækja í smásölu bæði hér heima og erlendis ýmist sem eigandi og fjárfestir eða stjórnandi. Má þar nefna fyrirtæki eins og All Saints, Whistles, Karen Millen, The Shoe Studio Group og Warehouse. Á árunum 2004-2006 var Nanna fjárfestir og rekstraraðili í The Shoe Studio Group UK. Á árunum 2003-2004 vann Nanna sem rekstrarstjóri hjá Karen Millen UK fyrir Bandaríkin, Skandinavíu og Evrópu auk þess sem hún vann við lögfræðistörf og almenna samningagerð þar. Nanna starfaði hjá Kaupþing Bank, Corporate Finance við almenn lögfræðistörf 2001-2003 og á Lex lögmannsstofu við almenn lögfræðistörf 1999-2000. |
| *Önnur trúnaðarstörf:* | Nanna er stjórnarmaður í RES 2 ehf., RES 9 ehf. og Eldra ehf. |
| *Eignarhluti í Skeljungi:* | Nanna og eiginmaður hennar, Sigurður Bollason, eru meirihlutaeigendur félagsins RES 9 ehf, sem á 38% hlut í Streng Holding ehf. en það félag á 100% í Streng hf. Strengur hf. á 969.152.089 hluti í Skeljungi, sem nemur 50,06% atkvæða. |
| *Stöður hjá Skeljungi:* | Stjórnarstörf og seta í starfskjaranefnd Skeljungs |
| *Hagsmunatengsl:* | RES 9 ehf. á 38% hlut í Streng Holding ehf. sem á Streng hf. sem heldur á hlutum í Skeljungi hf. Eiginmaður Nönnu, Sigurður Bollason, er stjórnarmaður í Streng hf. |

*Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Nanna Björk Ásgrímsdóttir óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess en hins vegar ekki óháð stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.*

SIGURÐUR KRISTINN EGILSSON, STJÓRNARMAÐUR, TÓK FYRST SÆTI Í STJÓRN ÁRIÐ 2021

| | |
|---|---|
| *Fæðingarár:* | 1974 |
| *Menntun:* | Verkfræðingur með löggildingu í verðbréfaviðskiptum. |
| *Aðalstarf:* | Stofnandi og starfsmaður Arcur Finance. |
| *Starfsferill:* | Frá 1998-2007 starfaði Sigurður Kristinn á eignastýringasviði Kaupþings banka og var síðustu 5 árin yfirmaður eignastýringar fagfjárfesta sem sérhæfir sig í stýringu eigna fyrir lífeyrissjóði, fyrirtæki og stofnanir. Frá 2007-2010 starfaði hann á eignastýringasviði bankans erlendis og leiddi uppbyggingu á alþjóðlegu sjóðasviði fyrir fagfjárfesta. Frá árinu 2010-2016 veitti Sigurður Kristinn forstöðu eignastýringar og sérhæfðra sjóða hjá ALM Verðbréfum sem fjármagnaðir voru af lífeyrissjóðum. |
| *Önnur trúnaðarstörf:* | Stjórnarformaður NeckCare Holding. |
| *Eignarhluti í Skeljungi:* | Enginn. |
| *Stöður hjá Skeljungi:* | Stjórnarmaður í Skeljungi og nefndarmaður í starfskjaranefnd Skeljungs. |
| *Hagsmunatengsl:* | Engin. |

*Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Sigurður Kristinn Egilsson óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.*

ÞÓRARINN ARNAR SÆVARSSON, STJÓRNARMAÐUR, TÓK FYRST SÆTI Í STJÓRN ÁRIÐ 2019

| | |
|---|---|
| *Fæðingarár:* | 1969 |
| *Menntun:* | Löggiltur fasteignasali. Próf frá Vélskóla Íslands og Skipstjórnarskólanum ásamt flugþjálfun. |
| *Aðalstarf:* | Löggiltur fasteignasali, svæðisstjóri hjá RE/MAX á Íslandi. |
| *Starfsferill:* | Fjórtán ára reynsla af sjávarútvegi. Tuttugu ára reynsla af kaupum, sölu og þróun fasteigna á fasteignamarkaðinum. Fjárfestingarverkefni í ráðgjafarfyrirtækjum, sprotafyrirtækjum og tæknifyrirtækjum. Stofnun fasteignasölukeðja á Íslandi og erlendis. Þórarinn er sérleyfishafi hjá RE/MAX á Íslandi og jafnframt eigandi og stjórnarmaður í því fyrirtæki. Eigandi félagsins Loran ehf. |

| | |
|---|---|
| *Önnur trúnaðarstörf:* | Stjórnarformaður Fjölblendir ehf. Í stjórn Remax á Íslandi, Loran ehf., IREF ehf., Einbýli ehf., Strengur Holding ehf., Strengur hf., Iceland Rent ehf., Henrik ehf. og Smárahvammur ehf. |
| *Eignarhluti í Skeljungi:* | Þórarinn á 100% í félaginu Loran ehf. Loran ehf. á 50% í IREF ehf. IREF ehf. á 20% hlut í Strengur Holding ehf. en það félag á 100% í Strengur hf. Strengur hf. á 969.152.089 hluti í Skeljungi eða sem nemur 50,06% atkvæða. |
| *Stöður hjá Skeljungi:* | Stjórnarmaður í Skeljungi og nefndarmaður í tilnefningarnefnd og endurskoðunarnefnd Skeljungs. |
| *Hagsmunatengsl:* | Loran ehf. á 50% hlut í IREF ehf. sem á 20% hlut í Streng Holding ehf. |

*Að mati tilnefningarnefndar Skeljungs er Þórarinn Arnar Sævarsson óháður félaginu, daglegum stjórnendum en hins vegar ekki óháður stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.*

## 5.4. Starfshættir stjórnar

Samkvæmt starfsreglum stjórnar er stjórnarformaður málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni stjórnar s.s. gagnvart forstjóra, starfsmönnum, hluthöfum félagsins samkvæmt nánari reglum þar að lútandi. Samkvæmt nýsamþykktum siðareglum leggur félagið áherslu á að eiga góð samskipti við hagaðila.

Formleg samskipti stjórnar og hluthafa eiga sér stað á hluthafafundum. Hluthafar geta þó ávallt komið sjónarmiðum sínum á framfæri eða sett fram spurningar til stjórnar í gegnum tölvupóstfangið stjorn@skeljungur.is sem ritari stjórnar hefur umsjón með og tilkynnir stjórn um allar tillögur eða spurningar hluthafa. Stjórn hefur yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim. Í aðdraganda aðalfundar er stærstu hluthöfum félagins (sem eiga 1% eða meira í félaginu) boðið á formlegan fund með formanni og varaformanni stjórnar.

Fjárfestar geta hvenær sem er sent athugasemdir og fyrirspurnir til stjórnar á tölvupóstfangið fjarfestar@skeljungur.is. Forstjóri móttekur slíka tölvupósta og kemur á framfæri við stjórnina þeim póstum sem eiga heima á borði stjórnar.

## 5.5. Fundir og fundargerðir stjórnarfunda

Fundargerðir stjórnar eru ítarlegar og í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti um fyrirtækja. Í hverri fundargerð er bókuð yfirlýsing fundarmanna um hæfi stjórnar og forstjóra til umræðu um og afgreiðslu mála sem eru á dagskrá fundarins. Ritari stjórnar skal þó yfirfara hagsmunaskrá stjórnarmanna fyrir boðun stjórnarfunda og opnun á gögn í stjórnargátt. Í þeim tilvikum sem hagsmunatengsl stjórnarmanna kunna að vera til staðar vegna dagskrárliðar víkur stjórnarmaður af fundi og fær viðkomandi stjórnarmaður ekki aðgang að gögnum málsins fyrr en eftir atvikum að því tiltekna máli er lokið, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Stjórn var ákvörðunarbær á fundum ársins, fyrir utan það mál er sneri að sölu fasteigna félagsins. Var ákveðið að stjórnarmennirnir Birna Ósk og Sigurður Egill skyldu vinna málið með ráðgjafa Skeljungs, Íslandsbanka, vegna mögulegra hagsmunatengsla annarra stjórnarmanna. Fengu þeir engar upplýsingar um málið og engan aðgang að gögnum þess. Ákveðið var að þeir fundir sem Birna Ósk og Sigurður myndu halda vegna þessa verkefnis teldust ekki stjórnarfundir.

Fjöldi funda og mæting stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda á fundi starfsársins var með eftirfarandi hætti:

- Stjórn Skeljungs fundaði 31 sinnum frá aðalfundi 2021 og fram til og með 8. febrúar 2022 þegar ársreikningur félagsins var samþykktur. Full mæting var á öllum fundum.
- Endurskoðunarnefnd Skeljungs fundaði 7 sinnum frá skipun eftir aðalfund 2021 og fram til og með 3. febrúar 2022. Full mæting var á öllum fundum.
- Starfskjaranefnd Skeljungs fundaði 5 sinnum frá skipun eftir aðalfund 2021 og fram til og með 3. febrúar 2022. Full mæting var á öllum fundum.

Hér fyrir neðan er tafla sem sýnir mætingu stjórnarmanna á stjórnarfundi og undirnefnda stjórnar:

| Stjórnarmaður | Tímabil | Stjórn | Endurskoðunarnefnd | Starfskjaranefnd |
|---|---|---|---|---|
| Jón Ásgeir Jóhannesson | 4.3.2021-8.2.2022 | 31 | | 5 |
| Birna Ósk Einarsdóttir | 4.3.2021-8.2.2022 | 31 | 9 | |
| Nanna Björk Ásgrímsdóttir | 4.3.2021-8.2.2022 | 31 | | |
| Sigurður Kristinn Egilsson | 4.3.2021-8.2.2022 | 31 | | 5 |
| Þórarinn Arnar Sævarsson | 4.3.2021-8.2.2022 | 31 | 9 | |

## 5.6. Undirnefndir

Á liðnu starfsári störfuðu tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, sem og ein undirnefnd hluthafa, tilnefningarnefnd.

### 5.6.1. Tilnefningarnefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu hjá Skeljungi. Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar er markmið hennar að koma á fót gagnsæju og skýru fyrirkomulagi við tilnefningar á stjórnarmönnum fyrir aðalfund félagsins. Ferlinu er ætlað að gera hluthöfum kleift að taka upplýstari ákvörðun við kosningu á frambjóðendum til setu í félagsstjórninni. Tveir utanaðkomandi og óháðir aðilar, annar með reynslu af ráðningum og hinn lögfróður, skulu kosnir árlega á aðalfundi félagsins til setu í nefndinni til eins árs í senn. Þriðji nefndarmaðurinn skal tilnefndur af stjórn.

Á aðalfundi Skeljungs 2021 kusu hluthafar eftirtalda frambjóðendur í nefndina: Katrínu S. Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Hagvangs, og Sigurð Kára Árnason, yfirlögfræðing hjá heilbrigðisráðuneytinu. Þá tilnefndi stjórn Skeljungs Þórarinn Arnar Sævarsson, stjórnarmann, til setu í nefndina. Katrín og Sigurður eru bæði óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um góða stjórnarhætti. Þórarinn er óháður félaginu, daglegum stjórnendum en ekki stórum hluthöfum.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var Sigurður Kári kjörinn formaður nefndarinnar. Við staðfestingu starfsháttayfirlýsingu þessarar hefur nefndin komið saman sex sinnum vegna undirbúnings tillögu fyrir aðalfund 2022, að jafnaði án stjórnarmannsins. Full mæting var á fundum nefndarinnar af hálfu hinna utanaðkomandi aðila en sá nefndarmaður sem tilnefndur er af stjórn í nefndinni sat ekki nema einn fund. Hefur nefndin átt fundi bæði með stjórnarmönnum félagsins, fráfarandi forstjóra og hluthöfum. Tilnefningarnefndin á fundi með frambjóðendum til stjórnar eftir samþykki stjórnarháttaryfirlýsingar þessarar. Starfsreglur nefndarinnar má finna á heimasíðu Skeljungs.[4]

### 5.6.2. Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar Skeljungs og er sem slík skipuð af stjórn til eins árs í senn, á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar er markmið hennar að leitast við að tryggja gæði reikningsskila og annarra fjármálaupplýsinga og óhæði endurskoðenda. Endurskoðunarnefnd ber að starfa í samræmi við íslensk lög, reglum og góðum stjórnarháttum. Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

a) eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
b) eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða
c) eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings
d) setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki
e) mat á óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis

Endurskoðunarnefnd fer einnig yfir og metur gæði fjárhagslegra upplýsinga og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum og endurskoðendum. Hún fer árlega yfir skýrslu endurskoðanda um störf sín og óhæði og mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Nefndin skal jafnframt fylgja eftir innleiðingu þeirra ábendinga sem fram koma í skýrslu endurskoðanda.

[4] https://www.skeljungur.is/undirnefndir

Þá rýnir endurskoðunarnefnd áhættustefnu, áhættuvilja, áhættuviðmið og skipulag og virkni áhættustýringar í samræmi við áhættustefnu félagsins og gerir tillögur til stjórnar um breytinga þar á eftir því sem tilefni er til.

Á starfsárinu 2021-2022 sátu í nefndinni stjórnarmennirnir Birna Ósk Einarsdóttir og Þórarinn Arnar Sævarsson, ásamt Sigrúnu Guðmundsdóttur, löggiltum endurskoðanda. Birna Ósk var kjörinn formaður nefndarinnar. Nefndarmenn eru óháðir félaginu, daglegum stjórnendum þess og endurskoðendum en Þórarinn Arnar telst einn ekki óháður stórum hluthöfum í félaginu. Nefndin fundaði tíu sinnum, auk funda með stjórn, og var full mæting á fundum nefndarinnar. Starfsreglur nefndarinnar má finna á heimasíðu Skeljungs.[5]

### 5.6.3. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd er einnig undirnefnd stjórnar Skeljungs og þannig skipuð af stjórn til eins árs í senn, á fyrsta fundi eftir aðalfund. Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar er markmið hennar að auka skilvirkni, skerpa á verklagi og efla starfshætti stjórnar er snúa að starfskjörum innan félagsins.

Hlutverk starfskjaranefndar er eftirfarandi:

- Rýna starfskjarastefnu
- Undirbúningur upplýsingagjafar og tillagna til aðalfundar vegna starfskjarastefnu
- Samningagerð við forstjóra og aðra stjórnendur sem heyra undir stjórn
- Eftirlit með innleiðingu og frávikum frá starfskjarastefnu
- Áhættustjórnun vegna starfskjara
- Mat á eigin störfum
- Yfirferð vinnustaðagreininga

Á starfsárinu 2021-2022 sátu í nefndinni  Jón Ásgeir Jóhannesson og Sigurður Kristinn Egilsson. Sigurður er óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Jón Ásgeir er óháður félaginu, daglegum stjórnendum en ekki stórum hluthöfum. Jón Ásgeir var kjörinn formaður nefndarinnar. Nefndin fundaði fjórum sinnum á árinu. Full mæting var á fundum nefndarinnar. Starfsreglur nefndarinnar má finna á heimasíðu Skeljungs.[6]

## 5.7. Framkvæmdastjórn

Forstjóri skal annast daglegan rekstur félagsins og í þeim efnum fara eftir stefnu og fyrirmælum sem stjórn gefur. Hlutverk, ábyrgð og umboð forstjóra er nánar skilgreint í starfslýsingu sem forstjóri og stjórn samþykktu í febrúar 2022.

**Ólafur Þór Jóhannesson, forstjóri**, fæddur árið 1972. Ólafur var ráðinn forstjóri Skeljungs febrúar 2022 en var áður aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs frá nóvember 2019.. Ólafur sinnir einnig stjórnarstörfum í dóttur- og hlutdeildarfélögum Skeljungs. Ólafur er með Cand. Oecon próf í viðskiptafræði og löggiltur endurskoðandi. Áður var Ólafur sjálfstætt starfandi ráðgjafi, sinnti stjórnarstörfum, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og staðgengils forstjóra Basko ehf.,  framkvæmdastjóri Miðengis ehf.  og starfaði hjá PwC sem löggiltur endurskoðandi og meðeigandi. Ólafur á ekki eignarhluta í félaginu. Félagið hefur ekki gert kauprréttarsamning við hann. Ólafur hefur engin hagsmunatengsl við stærstu viðskiptavini félagsins, keppinauta þess eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Árni Pétur Jónsson starfaði sem forstjóri frá ágúst 2019 en lét af störfum þann 4. febrúar 2022.

Framkvæmdastjórn Skeljungs heldur fundi vikulega, sjá nánari upplýsingar um aðra sem sæti eiga í framkvæmdastjórn félagsins:

**Már Erlingsson,  framkvæmdastjóri rekstrarsviðs frá janúar til nóvember 2021,** fæddur árið 1969. Már var ráðinn í framkvæmdastjórn Skeljungs í júní 2009 en hóf störf hjá félaginu árið 2006. Áður gegndi hann starfi framkvæmdastjóra innkaupasviðs og nú sem aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs. Már sinnir einnig stjórnarstörfum í dóttur- og hlutdeildarfélögum Skeljungs. Már er með M.Sc. gráða í verkfræði frá DTU í Kaupmannahöfn. Áður starfaði Már sem m.a. sveitarstjóri á Tálknafirði. Már á ekki eignarhluta í félaginu. Félagið hefur ekki gert kaupréttarsamning við hann. Már hefur engin hagsmunatengsl við stærstu viðskiptavini félagsins, keppinauta þess eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

---

[5] Sjá hlekk að framan.

[6] Sjá hlekk að framan.

Frá 1. desember 2021 er Már framkvæmdastjóri Gallon ehf., dótturfélags Skeljungs.

**Þórður Guðjónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs frá janúar til nóvember 2021 ,** fæddur árið 1973. Þórður var ráðinn í framkvæmdastjórn Skeljungs í október 2017 og hóf á sama tíma störf hjá félaginu. Þórður er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði auk þess sem hann hefur lokið námi í markþjálfun. Áður var Þórður forstöðumaður viðskiptastýringar og sölu hjá fyrirtækjaþjónustu Símans frá 2014. Þórður á ekki eignarhluta í félaginu. Félagið hefur ekki gert kaupréttarsamning við hann. Þórður hefur engin hagsmunatengsl við stærstu viðskiptavini félagsins, keppinauta þess eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Frá 1. desember 2021 er Þórður framkvæmdastjóri Skeljungs IS ehf., dótturfélags Skeljungs.

Gróa Björg Baldvinsdóttir og Karen Rúnarsdóttir sem áttu sæti í framkvæmdastjórn félagsins létu af störfum á árinu.

## 6. Stefna um fjölbreytileika

Stefnu Skeljungs um fjölbreytileika er að finna í starfsmannastefnu félagsins. Þar segir m.a. um fjölbreytileika:

Að mati félagsins leiðir fjölbreytileiki í hæfni og sjónarmiðum stjórnenda og starfsmanna til betri skilnings á félaginu og málefnum þess. Hann gerir stjórnendum og starfsmönnum betur kleift að skora á hólm viðteknar skoðanir og ákvarðanir og auðveldar hugmyndum um nýjungar að fá þann meðbyr sem nauðsynlegur kann að vera. Fjölbreytileikinn eykur jafnframt yfirsýn stjórnenda og styður þannig farsæla stjórnun félagsins.

Þá starfrækir Skeljungur tilnefningarnefnd, sem hefur það að markmiði og aðalstarfi að tryggja að stjórn félagsins hafi yfir að búa breidd í hæfni, reynslu og þekkingu.
Félagið hefur einnig sett sér jafnréttis- og eineltisstefnu, sem greiningar og aðgerðaráætlanir eru unnar út frá. Auglýsingar um störf hjá félaginu skulu ekki vera kynjamiðaðar og við ráðningar skal litið til kynjahlutfalla. Starfstengdar ákvarðanir skulu byggðar á viðeigandi hæfni, verðleikum, frammistöðu og öðrum starfstengdum þáttum. Félagið mun ekki sætta sig við mismunun.

Það er jafnframt hlutverk starfsmanna að bera virðingu fyrir hverjum og einum, sem og ólíkum sjónarmiðum og að skilja það verðmæti sem fólgið er í fjölbreytileikanum.

Að lokum segir í starfsreglum stjórnar að hún framkvæmi árangursmat sem meðal annars nær til mats á samsetningu hennar og framkvæmdi stjórn í desember 2020 ítarlegt árangursmat með ráðgjafa þar sem samsetning hennar var meðal annars rýnd.

Sjá nánar hvernig félagið styður við fjölbreytileika í upplýsingagjöf um sjálfbærni (ófjárhagslega upplýsingagjöf) í ársreikningi félagsins, en innri stefnur og starfsreglur stjórnar er að finna á heimasíðu félagsins[7].

## 7. Úrskurðir og dómar tengdir Skeljungi

Á síðasta fimm ára tímabili hefur félagið komið við sögu í þremur dóms- og stjórnsýsluákvörðunum:

Þann 15. desember 2020 kvað Persónuvernd upp úrskurð, í máli nr. 2020010702, þess efnis að meðferð Skeljungs á tölvupósthólfi við starfslok hjá félaginu samrýmdist ekki lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og reglum nr. 837/2006, um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.[8]

Þann 19. nóvember 2021 var kveðinn upp héraðsdómur í Tromsö í Noregi upp dóm þar sem fallist var á kröfu Marine Supply AS um sameiginlega bótaskyldu fyrrum stjórnenda P/F Magn og Skeljungs og félaganna sjálfra vegna meintra brota á trúnaðaryfirlýsingu. Dóminum hefur verið áfrýjað.

Þann 15. september var birt ákvörðun neytendastofu nr. 30/2021 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Skeljungur hafi gerst brotlegt gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu

---

[7] Sjá hlekk að framan.
[8] https://www.personuvernd.is/urlausnir/medferd-skeljungs-hf.-a-tolvupostholfi-starfsmanns-vid-starfslok

með birtingu fullyrðinga „lægsta verðið og ódýrasta eldsneytisverðið." Skeljungur hefur brugðist við ákvörðun neytendastofu og málinu hefur verið lokað í málaskrá stofnunarinnar.[9]

Þannig samþykkt af stjórn Skeljungs hf. 8. febrúar 2022

[9] https://neytendastofa.is/library/Files/Neytendarettarsvid/akvardanir/%c3%81kv2021_30.pdf

# **Sjálfbærni** upplýsingar

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf í samræmi við lög nr. 3/2006, gr. 66 d.

## I. Áreiðanleiki

Stefnur og reglur sem lagðar eru fram í þessari upplýsingagjöf eru samþykktar af stjórn félagsins.

Félagið starfar á tveimur landfræðilegum mörkuðum, á Íslandi og í Færeyjum. Yfirlit þetta um ófjárhagslega upplýsingagjöf miðar einungis við starfsemi Skeljungs á Íslandi en ekki í Færeyjum.

Töluleg samantekt um ófjárhagslegar upplýsingar fyrir árið 2021 eru unnar í samstarfi við Klappir. Þeir lykilmælikvarðar sem Klappir styðjast við endurspegla ESG (á íslensku; UFS) stendur fyrir umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti) leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út í mars 2019. Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóða sáttmála Sameinuðu þjóðanna (United Nation Global Compact, UNGC).

Umhverfishugbúnaður Klappa heldur utanum Umfang 1, 2 og 3 og er notaður til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun og miðlun ESG þátta. Upplýsingum um eldsneytisnotkun, raforkunotkun, notkun á heitu vatni og notkun á köldu vatni er safnað með sjálfvirkum hætti, einnig eru S og G þættirnir skráðir í kerfið . Hægt er að rekja uppruna gagna frá afhendingaraðila í Klappir.

Reitun greinir og metur hvernig félagið stendur varðandi áhættur er snúa að umhverfis- félags- og stjórnarháttum. Með þessu er félagið komin með mat þriðja aðila á stöðu sinni varðandi ESG málaflokkinn.

Öðrum upplýsingum er safnað úr skráningarkerfum Skeljungs þar sem skráð eru frávik sem eiga sér stað í starfseminni, til dæmis, slys, tjón, einelti, áreiti, ábendingar og kvartanir. Það er hluti af kröfum stjórnunarkerfis félagsins en það hefur fengið vottun fyrir fimm rekstrareiningar út frá ISO 9001 gæðastjórnunarstaðlinum og ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðlinum. Þessar rekstrareiningar eru eldsneytisdreifing í Vestmannaeyjum, Akureyri, Eskifirði og Ísafirði og olíubirgðastöðin í Örfirisey.

Þessi viðauki um upplýsingar um sjálfbærni er unninn af viðeigandi ábyrgðaraðilunum innan Skeljungs. Viðaukinn er ekki endurskoðaður af þriðja aðila en er yfirfarin og staðfestur af endurskoðunarnefnd og stjórn Skeljungs. Upplýsingagjöf um sjálfbærni samræmist lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, 66. gr. d., þar sem kveðið er á um ófjárhagslega upplýsingagjöf.

## II. Viðskiptalíkan Skeljungs

Hlutverk Skeljungs er að þjóna orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við samfélagið og umhverfi sitt. Gildi Skeljungs eru:

- **Áreiðanleiki -** Stöðugleiki er í þjónustu okkar og við ávinnum okkur traust með heiðarleika og gæðum. Höfuðáhersla er lögð á öryggi fólks og umhverfis.
- **Skilvirkni** - Hagsýni einkennir alla okkar starfsemi. Stöðugt er unnið að umbótum til virðisaukningar fyrir alla okkar hagaðila.
- **Atorka** - Atorka og framtakssemi drífa okkur áfram og við erum óhrædd við að prófa nýja hluti. Við leggjum okkur fram um að tryggja forystu Skeljungs.

Starfsemi Skeljungs og dótturfélaga má skipta í fimm megin flokka:

- Orkugjafar; jarðefnaeldsneyti, vetni, metan, olíur og tengdar vörur
- Rekstur fasteigna, birgðastöðva og dreifing
- Smásala
- Útleiga fasteigna
- Aðrar vörur

**Viðskiptaumhverfið**

Meginstarfsemi Skeljungs er í orkugeiranum en í þeirri starfsemi felast tvær áskoranir, annars vegar að fullnægja vaxandi orkuþörf sem knúin er af miklum hagvexti og umfangi í ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Hins vegar vill félagið leggja sitt af mörkum til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Fimm megin áhrifaþættir á viðskiptalíkan Skeljungs eru þar af leiðandi:

- Pólitískir og lagalega þættir: Ný lög og nýjar reglugerðir og breytingar á samkeppnislandslagi, svo sem viðbótarskattar og nýir staðlar.
- Umhverfisþættir: Áhrif loftslagsbreytinga, t.d. áhersla á minni losun gróðurhúsalofttegunda t.d. með betra aðgengi að endurnýtanlegum orkugjöfum á starfstöðvum félagsins.
- Fjárhagstengdir þættir: Svo sem tilfærsla í endurnýjanlega orku og ferðaþjónustan. Covid-19 hafði mikil áhrif á samfélagið allt árið 2021 þó með dvínandi áhrifum frá 2020, sérstaklega á ferðaþjónustu landsins og þar með á rekstur Skeljungs. Vonir eru til þess að ferðaþjónustan muni taka við sér á nýju ári.
- Félagslegir þættir: Breyttar neysluvenjur með nýrri kynslóð neytenda, þörf fyrir einfaldleika og hraða. Þessi þáttur á sérstaklega við um smásöluna og tekur til aukningar á matvörukaupum á netinu eða þátta sem eru umfram verðlagningu (svo sem upplifun, sjálfbærni) og deilihagkerfi.
- Tæknilegir þættir: Nýir orkugjafar, tæknivæðing.

## Stefna og áherslur 2021

Á árinu 2021 var hrint i framkvæmd aðgerðum sem komu út úr stefnumótun stjórnenda og stjórnar Skeljungs.

Breytingar voru samþykktar varðandi viðskiptalíkan Skeljungs. Fyrir hluthafafund 7.október 2021 voru m.a. lagðar fram eftirfarandi tillögur og þær samþykktar með tilheyrandi uppfærslu á samþykktum félagsins:
- Tillaga um sölu dótturfélags Skeljungs hf. í Færeyjum, P/F Magn
- Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins
- Tillaga stjórnar um uppskiptingu rekstrar félagsins og stofnun dótturfélaga

Tilgangur félagsins er að „eiga og stýra félögum sem eru m.a. á sviði smásölu og heildsölu, rekstur fasteigna, skipa og þjónustustöðva. Enn fremur lána- og fjárfestingastarfsemi og annar atvinnurekstur eða þátttaka í atvinnurekstri, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar".

Í tilkynningum frá Skeljungi hefur m.a. komið fram að stjórn Skeljungs hafi ákveðið að skerpa á áherslum í rekstri með uppskiptingu og stofnun þriggja nýrra og sjálfstæðra dótturfélaga um i) starfsemi á einstaklingssviði ii) starfsemi á fyrirtækjasviði og iii) starfsemi birgðastöðva. Ákvörðun stjórnar var háð samþykki hluthafa sem samþykkti uppskiptinguna á hluthafafundi 7. október, sbr. tilkynning þar um þann sama dag.

Uppskiptingin er nú komin til framkvæmda og hafa þrjú sjálfstæð dótturfélög Skeljungs hf. tekið til starfa. Skeljungur hf. verður móðurfélag rekstrarfélaganna og munu verkefni þess í auknum mæli snúa að stýringu eignarhluta í rekstrarfélögunum auk annarra fjárfestinga eftir atvikum. Skeljungur hf. verður áfram skráð félag á hlutabréfamarkaði.

Dótturfélögin eru:

**Orkan IS ehf.** Starfsemin er einkum á sviði þjónustu til einstaklinga, svo sem rekstur þjónustustöðva Orkunnar, Extra, 10-11, Löðurs bílaþvottastöðva, apóteka Lyfsalans og Lyfjavals, Íslenska vetnisfélagsins og Gló. Félagið mun auk þess fara með eignarhald í félögunum Brauð & Co og WEDO (Heimkaup, Hópkaup, Bland).
Framkvæmdastjóri Orkunnar IS ehf. er Ólafur Þór Jóhannesson, tímabundið.

**Skeljungur IS ehf.** Starfsemin er einkum sala og þjónusta við fyrirtæki, dreifing, innkaup og heildsala á eldsneyti, smurolíum, hreinsi- og efnavörum, áburði sem og öðrum vörum og þjónustuþáttum til fyrirtækja og bænda. Þjónusta og sala til stórnotenda, til útgerða, í flug og verktöku verður einnig hluti af starfseminni. Skeljungur IS er ennfremur umboðsaðili Shell á Íslandi og mun auk þess fara með eignarhald í Barki, EAK og Fjölveri.
Framkvæmdastjóri Skeljungs IS ehf. er Þórður Guðjónsson.

**Gallon ehf.** Starfsemin er einkum í rekstri og útleigu á birgðastöðvum um land allt ásamt rekstri birgðastöðva á flugvöllum. Í því felst m.a. móttaka birgðaskipa, afgreiðsla til skipa og í olíubíla. Gallon mun fara með eignarhald í EBK og Tollvörugeymslunni.
Framkvæmdastjóri Gallon ehf. er Már Erlingsson.

Stefnur og mælikvarðar hafa ekki verið samræmd á milli dótturfélaga, en unnið er að endurskoðun stjórnarhátta Skeljungs á samstæðugrunni.

## Aðrar breytingar sem áttu sér stað á árinu 2021 varðandi eignarhald Skeljungs hf. á félögum

- Eignarhlutur félagsins í P/F Magn í Færeyjum var seldur. Sem hluti af þeim viðskiptum eignaðist Skeljungur hf. 48,3% eignarhlut í P/F Orkufelaginu í Færeyjum en það félag á P/F Magn að fullu.

- Dótturfélögin Bensínorkan ehf., 26 Fasteign ehf., Langholt ehf. og Basko ehf. voru sameinuð Skeljungi hf. frá og með 1. Janúar 2021.
- Lyfsalinn, sem er 58% í eigu Skeljungs, keypti Lyfjaver og kom rekstur Lyfsalans inn í samstæðuna á fjórða ársfjórðungi samhliða viðbótarfjárfestingu í Lyfsalanum.
- Port I ehf. (rekstur Löðurs og Dælunnar var keypt að fullu og varð hluti af samstæðu Skeljungs frá og með 1. ágúst.
- Allt hlutafé í Gló ehf var keypt, er því í 100% eigu Skeljungs.
- Skeljungur á nú 38% hlut í Brauð og Co ehf.

Með þessum breytingum hefur stoðum undir reksturinn á Íslandi verið fjölgað og dregið úr vægi jarðefnaeldsneytis í samstæðunni.

Vinna er í gangi við að meta næstu skref varðandi Íslenska vetnisfélagið, en það er okkar mat að vetnið muni gegna veigamiklu hlutverki í þeim orkuskiptum sem framundan eru á komandi árum.

Yfir stendur vinna í samvinnu við Íslandsbanka að meta framtíðarkosti eignarhalds á fasteignum og lóðum Skeljungs á höfuðborgarsvæðinu, á Vesturlandi og á Reykjanesi.

## III. Megináhætta af starfseminni

Skeljungur vinnur samkvæmt áhættustefnu félagsins. Áhættustýring tekur tillit til flokka áhættu á sviði fjárhags, rekstrar, umhverfis, samfélags og gæða. Aðgerðir á sviði áhættustýringar miða að því að skilgreina, meta, mæla og stýra áhættu í starfseminni í samræmi við áhættuvilja félagsins og áhættuviðmið, sem stjórn skilgreinir.
Áhættustefnu er að finna á heimasíðu félagsins.

Nýtt skipulag áhættustýringar var tekið upp á árinu 2021. Áhættunefnd var lögð af, skipaður áhættustjóri sem tók við ábyrgð á utanumhaldi með áhættum félagsins og er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjórn þess. Áhættuvilji félagsins var skilgreindur í eftirfarandi stig, 1. Minnkuð áhætta, 2. Grunnáhætta, 3. Aukin áhætta og 4. Mikil áhætta. Áhættuflokkar og áhættuþættir voru skilgreindir og áhættuvilji settur á hvern áhættuþátt. Skeljungur heldur Áhættuskrá þar sem áhættur eru skilgreindar og metnar með tilliti til áhættuvilja félagsins og líkum og áhrifum áhættunnar á starfsemi þess. Skrá þessi er rýnd reglulega af áhættustjóra og einstaka sviðum og áhættur endurmetnar. Framkvæmdastjórn staðfestir matið og fjallar um þær áhættur sem hafa hæst skor og kynnir stjórn félagsins stöðu mála. Við þetta mat er tekið tillit til aðstæðna eins og þær eru hverju sinni og endurspeglar því skráin stöðu félagsins á hverjum tímapunkti.
Unnið er áfram að uppbyggingu áhættuskrár þar sem tekið verður meira tillit til umhverfis-, félags- og stjórnunarhátta (ESG) þátta og þannig auðvelda stýringu áhættuþátta sem lúta að sjálfbærni.

Brugðist er við mögulegum hættum sem tengjast bruna-, umferðar-, umhverfis- og mengunaróhöppum með þjálfun starfsmanna og notkun stjórnunarkerfis félagsins, þar sem þessir þættir eru áhættugreindir og ferlaðir út frá bestu mögulegu framkvæmd. Stjórnunarkerfið er rýnt árlega og gengið úr skugga um að allir geti starfað samkvæmt verklagi sem þar er lýst.

Til viðbótar við eigin rekstraráhættu stendur félagið einnig frammi fyrir víðtækari utanaðkomandi áhættuþáttum sem áhættustýring lítur sérstaklega til og beitir stýringum á. Þetta eru áhættuþættir sem snerta m.a. alþjóðaviðskipti, þróun í löggjöf, loftslagsbreytingar og orkuskipti, farsóttir og náttúruhamfarir, haghafa og þróun í tækni.

Ekki komu upp nein óvænt atvik á árinu en stuðst var við viðbragsáætlanir vegna Covid sem meðal annars fela í sér skilgreiningar á fjarvinnu, og samskiptum starfsmanna við vaktaskipti, með því náðist að tryggja samfelldan rekstur og ekki kom til hópsmita innan félagsins.

## IV. Haghafar

Eitt af hlutverkum fyrirtækisins er að innleiða sjálfbærni í rekstur sinn þannig að allir haghafar njóti afraksturs starfseminnar og tryggja þannig framgang umhverfis-, félags- og stjórnarhátta (ESG).

Helstu hagaðilar Skeljungs eru þessir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Viðskiptavinir, þar með taldir neytendur og neytendamarkaður | Hluthafar | Stjórn og starfsmenn | Samstarfsaðilar og birgjar | Kröfuhafar |
| Eftirlitsaðilar | Samfélagið | Umhverfið | Fjölmiðlar | Löggjafinn |

Samskiptastefnu Skeljungs er ætlað að tryggja skilvirk samskipti við haghafa, þ.m.t. viðskiptavini, starfsfólk, markaðsaðila, fjárfesta og fjölmiðla. Það er vilji félagsins að haghafar fái góða innsýn í starfsemina og skilji hvaða ástæður liggi að baki ákvarðana sem teknar eru.
Samskiptastefnu er að finna á heimasíðu félagsins.

## V. Samfélagsleg ábyrgð

Samfélagsábyrgðarstefna Skeljungs fléttar efnahags-, samfélags- og umhverfismál við almenna starfshætti félagsins. Skeljungur vill með þeim hætti tryggja ávinning af sínum rekstri fyrir alla haghafa. Skeljungur sýnir ábyrga hegðun gagnvart nærsamfélaginu með gegnsæi í allri sinni upplýsingagjöf.
Samfélagsábyrgðarstefna Skeljungs byggir á fimm meginstoðum og greint verður frá hverjum og einum hér að neðan.




Samfélagsábyrgðarstefnuna er að finna á heimasíðu félagsins.

### a. Mannauður

Markmið Skeljungs er að mannauður félagsins sé skipaður af ánægðu og hæfu starfsfólki sem býr yfir færni og þekkingu til að takast á við störf sín með skýrum ferlum og öguðum vinnubrögðum. Starfsfólk Skeljungs tekur þátt í að móta og bæta starfsemina og starfar í anda jafnræðis og jafnréttis.

Skeljungur vinnur samkvæmt starfsmannastefnu sem snýr að starfsánægju, fræðslu, heilsufari, fjölskyldulífi og fjölbreytileika. Jafnframt vinnur félagið eftir stefnu í jafnréttismálum, öryggisstefnu sem snýr að öryggi, heilsu og vinnuvernd starfsmanna, mannréttindastefnu og persónuverndarstefnu. Stefnurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

**Fjöldi starfsfólks**
Miklar breytingar hafa orðið á starfmannafjölda Skeljungs á árinu. Þann 1. janúar 2021 var hætt að reka Basko hf. sem dótturfélag Skeljungs og runnu félögin saman. Við það jókst starfsmannafjöldi Skeljungs og miklar breytingar urðu á samsetningu starfsfólks, kynjahlutfalli, starfsaldri og meðalaldri starfsmanna.

| **Skeljungur**<br>**Eftir samruna 01.01.2021** | **Skeljungur**<br>**Fyrir samruna** | **Basko**<br>**Fyrir samruna** |
|---|---|---|
| Fjöldi: 297 | Fjöldi: 90 | Fjöldi: 207 |
| Kynjahlutfall: sjá nánar hér neðar | Hlutfall karlmenn: 80% | Hlutfall karlmenn: 50% |
| Meðalaldur 33,58 | Hlutfall konur: 20% | Hlutfall konur: 50% |
| Meðalstarfsaldur 4,66 | Meðalaldur 47,55 | Meðalaldur: 27,49 |
| | Meðalstarfsaldur 8,87 | Meðalstarfsaldur: 2,84 |

Fjöldi starfstöðva voru í janúarbyrjun 28 og starfsmenn um 300 en á árinu hafa rekstrareiningar verið endurskoðaðar, leigðar undir annars konar starfsemi eða lokað. Í lok nóvember voru starfsstöðvarnar 21 og fjöldi starfsmanna 220.

Eins og fram kemur í kafla II hér að framan þá voru breytingar voru samþykktar á árinu varðandi viðskiptalíkan Skeljungs sem lutu að uppskiptingu rekstrar félagsins og stofnun dótturfélaga þar sem móðurfélagið er Skeljungur hf og dótturfélögin eru Skeljungur IS, Orkan IS og Gallon. Stærstu rekstrareiningarnar verða Orkan IS með um 150 starfsmenn í fullu og hlutastarfi og Skeljungur IS með um 60 starfsmenn.

Við svo mikla endurskipulagningu og breytingar var ekki komist hjá uppsögnum starfsfólks. Í þeim rekstrareiningum sem var lokað hefur starfsfólki verið sagt upp. Á árinu létu af störfum um 160 starfsmenn og nýráðnir starfsmenn voru í lok nóvember í kringum 90. Inni í þessum tölum er meðtalið það starfsfólk sem kom til vinnu yfir sumarmánuðina.

## Starfsánægjukannanir

